# Leikskólinn Vinaminni

## 2025 – 2026



### Framtíðarsýn leikskólans Vinaminni

Nemendur leikskólans Vinaminnis fara sjálfstæðir, félagslega sterkir og með góðan málþroska í grunnskólann.
Nemendur byggja framtíð sína á traustum grunni til að takast á við áskoranir og komast þangað sem hugur og draumar leiða þau í lífinu, landi og þjóð til sóma.

## Efnisyfirlit


1 Ávarp framkvæmdastjóra ... 3

2 Greinargerð leikskólastjóra ... 4

3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025 ... 7

4 Innra mat og umbótaáætlun Álfasteins ... 14

5 Innra mat og umbótaáætlun Dvergasteins ... 18

6 Innra mat og umbótaáætlun Völusteins ... 23

7 Innra mat og umbótaáætlun Töfrasteins ... 27

8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans ... 37

9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ... 38

10 Foreldrasamvinna ... 39

11 Leikskóladagatal ... 42

12 Fylgiskjöl ... 44

# 1 Ávarp framkvæmdastjóra

Ég hef staðið í stafni í rekstri leikskólans Vinaminnis í hartnær 32 ár. Það eru forréttindi að hafa fengið að starfa með foreldrum og börnum sem hafa stundað nám við leikskólann Vinaminni ásamt því hvað ég hef nánast allar götur verið mjög heppin með starfsfólk skólans. Ég hef ásamt mínu leikskólateymi byggt upp metnaðarfullt skólastarf fyrir börn skólans og ég hef skilað þeim vel undirbúnum undir áframhaldandi skólagöngu úti í grunnskóla stór höfuðborgarsvæðisins en þar eru Vísdómsstundir elstu barna skólans sér á báti. Nú eru tímamót í mínu lífi en ég er ný orðin 70 ára og tími til kominn að hleypa ungu og metnaðarfullu fólki að við stjórnvölinn í skólanum. Ég hef því ákveðið að selja rekstur skólans til dóttur minnar Svandísar Hlínar Karlsdóttur.

Svandís Hlín hefur verið alin upp við leikskólastarfið frá unga aldri og þekkir vel til, hún mun taka formlega við rekstri skólans 1. ágúst 2025. Svandís Hlín er metnaðarfullur og traustur leiðtogi fyrir starf skólans og ég veit að hún mun sjá til þess að börnum ykkar líði vel í skólanum og að þið foreldrar eigið eftir að finna gagnkvæmt traust í samskiptum ykkar á milli. Hún er iðnaðarverkfræðingur að mennt og hefur góða leiðtoga- og stjórnunarreynslu.

Starfsemi skólans undir stjórn Svandísar verður eins og hefur verið, með sama starfsfólkinu og unnið verður samkvæmt skólanámskrá og starfsáætlun skólans, markmiðum og leiðum. Pernille verður áfram leikskólastjóri Vinaminnis og starfsfólk það sama og er í dag nema þær breytingar á starfsmannahaldi sem eru óhjákvæmilega frá ári til árs eins og þegar konur fara í fæðingarorlof eða í frekara nám.

En þar sem ég held að ég sé ómissandi verð ég í faglegri ráðgjöf bakvið tjöldin og mun sjá um foreldramorgunverð með mínum gamla Karli þegar við tollum á landinu góða.

Bestu kveðjur
Sólveig Einarsdóttir Vinaminni

# 2 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2024 – 2025 fór af stað með miklum krafti og eldmóði. Starfsmannahópurinn var að mestu óbreyttur og því mætti glatt og samstillt lið til starfa þann 6. ágúst eftir gott og endurnærandi sumarfrí.

Í samræmi við hefð Vinaminnis hófst skólaárið með skipulagsdegi. Að þessu sinni fengum við lækninn Ívar Elí Sveinsson til að fræða okkur starfsfólkið um smitsjúkdóma barna og almenn veikindi. Þessi fræðsla var afar gagnleg, þar sem oft skapast óöryggi hjá starfsfólki skólans í tengslum við veikindi barna, hvenær þau megi koma aftur í leikskólann eftir veikindi og hvaða einkenni kalli á læknisheimsókn. Ívar hvatti einnig starfsmenn til að huga að eigin heisu fyrir komandi vetur og ræddi mikilvægi góðrar næringar, hreyfingar, vítamíns og svefns.

Framkvæmdarstjóri fór yfir starfsáætlun komandi skólaárs og deildarstjórar kynntu skólastarf og skipulag á deildum. Að lokum kom Eyrún Ísfold með námskeið um *Lubbi finnur málbein*. Þetta námskeið lagði grunn að góðu málörvunarstarfi með börnunum yfir skólaárið sem allir starfsmenn voru í stakk búnir að taka þátt í.

Eins og undanfarin ár bættust nýir foreldrar í leikskólasamfélagið og sumir að stíga sín fyrstu skref í þeim efnum. Framkvæmdarstjóri bauð öllum nýjum foreldrum í viðtal áður en börn þeirra byrjuðu í skólanum. Foreldrum var kynntur skólinn, deild barnsins, starfsmenn og deildarstjóri deildarinnar. Framkvæmdarstjóri fór yfir markmið skólans og hvaða áherslur í starfinu hafa mest rými, hvað opin og jákvæð samskipti leikskólans og foreldra skipti miklu máli svo vellíðan barnanna verði sem mest og best. Foreldrar fylltu út dvalarsamning og farið var yfir það hvernig aðlögun barnsins fer fram í skólanum ásamt því að þessir aðilar fengu tækifæri til að kynnast aðeins og mynda traust sín á milli. Þegar aðlögunin hófst tóku deildarstjórar vel á móti nýju börnunum og foreldrum þeirra. Aðlögun barnanna gekk mjög vel og var aðlögun nýrra barna lokið um miðjan september.

Aðlögun barna milli deilda gekk vel, enda höfðu börnin tekið þátt í málörvunarstöðvum eða annars konar starfi á nýju deildinni sinni á vorönninni og þekktu því bæði umhverfi og starfsfólk deildarinnar vel.

Vorið 2024 kom Sigrún Alda Sigfúsdóttir talmeinafræðingur með fræðslu fyrir foreldra um máltöku og málþroska barna. Foreldrar létu í ljós mikla ánægju með fræðsluna og sumir höfðu á orði að nú hefðu þeir viðmið gagnvart máltöku barna þeirra. Sigrún Alda var einnig með fræðslu fyrir starfsmenn á skipulagsdegi að vori. Stjórnendur skólans og talmeinafræðingurinn ákváðu í framhaldi af þessari fræðslu að bjóða öllum nýjum foreldrum fræðslu um mál og máltöku barna ár hvert.

Tveir deildarstjórar fóru í veikindaleyfi á skólaárinu. Að sjálfsögðu hafði það áhrif á daglegt starf og þurfti að breyta starfi deildanna tímabundið. Ákveðnir starfsmenn fengu það hlutverk að halda utan um daglegt starf í samráði við leikskólastjóra. Þrátt fyrir að börnin hafi verið glöð og daglegt starf gengið vel, höfðu sumir foreldrar orð á að frávik hafi verið í starfinu frá því sem kynnt var að hausti. Eftir áramótin þegar deildarstjórarnir sneru aftur til starfa var starfið fært í upphaflegt horf og gekk vel.

Á öðrum deildum gekk starfið samkvæmt því sem ákveðið var að hausti. Breytingar á leikefni og starfi voru gerðar eftir því sem þroski og þarfir barnanna sögðu til um.

Börnin á Töfrasteini unnu í hópastarfi í fámennum hópum. Yngstu börnin unnu í málörvunarstöðvum með elstu börnunum á Völusteini sem gekk mjög vel. Næstelsti barnahópurinn vann í hópastarfi og valdi að vinna með íslensk rándýr. Þau öfluðu sér fróðleiks á internetinu um rándýrin og unnu ýmis verkefni í tengslum við það. Börnin völdu sér síðan eitt rándýr hvert og fengu aðstoð deildarstjóra við að búa það til (skúlptúr) úr hinum ýmsa efniviði sem þau öfluðu sér. Hópastarfi barnanna var slitið í lok maí og börnin fóru þá heim með verkefnin sín.

Elstu börnin í leikskólanum eru í Vísdómsstundum tvisvar í viku f.h. Í Vísdómsstundum fer undirbúningur fyrir áframhaldandi skólagöngu fram. Lögð er áhersla á að efla félagsfærni, vitsmunaþroska, málþroska, samvinnu og samhjálp. Mikið er lagt upp úr lýðræðislegum vinnubrögðum, tilfinningastjórnun og svo ekki sé minnst á hugmyndaflug barnanna í sögugerð og leiklist. Elstu börnin þurfa á því að halda að fá annars konar og meira krefjandi viðfangsefni en ella.

Þegar börnin útskrifast af fyrsta skólastiginu að vori fá þau að gista í leikskólanum eina nótt. Daginn eftir eða kl. 10.00 koma foreldrar, ömmur, afar og systkini til að vera við útskriftina. Börnin sýna leikritið sitt, þau klæðast síðan sparifötum og eru útskrifuð að góðum íslenskum sið. Þau fá söguhandritið afhent ásamt viðurkenningu fyrir að hafa stundað nám í Vísdómsstundum síðasta skólaár og fallega nelliku en að lokum buðu þau gestum sínu kaffi og köku. Dagurinn var fallegur og bjartur og óhætt að segja að margar tilfinningar hafi barist í brjóstum gesta þann daginn, enda um fyrstu útskrift barnanna að ræða og mikið lagt í að gera daginn eftirminnilegan og hátíðlegan.

Á skipulagsdegi 14. mars 2025 komu þær Saga Stephensen og Emilía Rafnsdóttir með kynningu á inngilding-fullgilding en allir starfsmenn höfðu hlustað á fyrirlestur sem boðið var upp á á netinu um það efni.

Andrea Björt Ólafsdóttir íþróttafræðingur var næst á dagskrá með fyrirlestur um *Hreyfifærni og þjálfun grófhreyfinga – YAP og kynning á young athletes program*, en eins og kemur fram í umbótaáætlun skólans mun hreyfifærni barnanna fá meira rými en áður í starfi skólans.

Hrönn Valentínusardóttir kom og kynnti nýútgefna bók eftir sig sem heitir, *Þegar litla systir kom í heiminn.*

Sólveig Einarsdóttir framkvæmdarstjóri leikskólans fór yfir nýútgefna skólanámskrá skólans og deildarstjórar skiptu með sér verkum og ræddu undirbúningstíma, vinnuumhverfi skólans, samvinnu og samskipti milli starfsmanna, virðingu starfsmanna fyrir börnunum, starfinu og hvert fyrir öðru. Þá var rætt um útisvæðið og útiveru barnanna, listasmiðjuna, verkefnaval og umgengni og umgengni við galdrakoffortin.

Á síðastliðnu skólaári var mikil áhersla lögð á félagsþroska barnanna ásamt málþroska þeirra. Unnið var mjög öflugt og fjölbreytt málörvunarstarf á öllum deildum skólans. Einnig var unnið með málþroskastöðvar með börnum sem öll voru á sama aldri burt séð frá því á hvaða deild þau voru.t.d. með elstu börn á Völusteini og yngstu börn á Töfrasteini.

Galdrakoffortin komu sterk inn bæði að starfsmenn deilda lásu bækur úr koffortunum og foreldrar gátu fengið lánaðar bækur heim til að lesa fyrir börnin sín heima. Það er gaman að segja frá því að mörg börn vildu ekki fara heim nema fá að velja sér bók til að fara með heim

Skólaárið 2024-2025 hefur í heild gengið vel þrátt fyrir að veikindi hafi herjað á börn og starfsmenn á köflum. Börnin hafa fengið gott og metnaðarfullt skólastarf og starfsfólk skólans vann vel saman að því að veita börnunum hvetjandi og öruggt skólaumhverfi. Lögð er áhersla á að foreldrar finni sig örugg með börnin sín í skólanum, þau fái vinalegt viðmót og geti leitað til stjórnenda skólans ef þau óska þess.

Sólveig Einarsdóttir leikskólakennari, frumkvöðull og stofnandi leikskólans Vinaminnis mun selja leikskólann á sjötugasta aldursári sínu til dóttur sinnar Svandísar Hlínar Karlsdóttur. Svandís mun taka við rekstri leikskólans frá og með 1. ágúst 2025 og viðhalda því öfluga og metnaðarfulla starfi sem Sólveig Einarsdóttir hefur byggt upp á sinni starfsævi fyrir börn leikskólans og foreldra þeirra. Rekstur leikskólans verður með sama máta og við þekkjum.

Bestu kveðjur

Pernille Tönder

Leikskólastjóri

# 3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| **Stjórnendur sem faglegir leiðtogar:**<br><br>Að leikskólastjóri og deildarstjórar séu fyrirmyndir og faglegir leiðtogar í starfi skólans. Leikskólastjóri og deildarstjórar skipuleggja starf skólans í heild og deildarstjórar skipuleggja starf sinnar deildar með starfsmönnum deildanna. Deildarstjórar leiðbeina starfsfólki sinnar deildar á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og muna eftir hrósi.<br><br>Deildarstjórar sjá til þess að starfið með börnunum sé kærleiksríkt, áhugavert, fjölbreytt og þroskandi fyrir börnin og að foreldrasamstarf sé til fyrirmyndar. Leikskólastjóri veiti góða upplýsingagjöf til deildar-stjóra og sýni sanngirni en einnig festu í rekstri skólans | Á deildarfundum og deildarstjórafundum Skráningar | Starfsmenn leikskólans<br><br>Stjórnendur leikskólans | Í upphaf skólaárs gerðu deildarstjórar dagskipulag fyrir deildirnar með starfsfólki og skipulögðu skólastarf haustannarinnar. Leikskólastjóri var á hliðarlínunni og aðstoðaði ef á þurfti að halda.<br>Leikskólastjóri aðstoðaði starfsfólk deilda við að endurskoða deildarstarfið þegar deildarstjórar fóru í veikindaleyfi. Framkvæmdarstjóri og leikskólastjóri voru alltaf til staðar til að aðstoða í starfinu í skólanum þegar þess þurfti með. Þeir tóku t.d. virkan þátt í starfinu með börnunum á Töfrasteini en framkvæmdarstjóri sá um Vísdómsstundir og leikskólastjóri tók oft þátt í málörvunarstöðvum.<br><br>Á Völusteini og Töfrasteini héldu deildarstjórar vel utan um nám barnanna og sáu til þess að börnin höfðu verkefni við sitt hæfi. Þeir leiðbeindu starfsfólkinu á uppbyggilegan hátt svo starfsfólk varð virkara og áhugasamara í starfinu.<br>Í skapandi starfi í smiðjunni vantaði stundum upp á að starfsfólk væri vakandi yfir verkefnavali þar svo viðfangsefnin höfðuðu til aldurs og getu barnanna og þau gætu unnið og skapað starf sitt og verkefnin sjálf.<br><br>Á Álfasteini og Dvergasteini var líkamlegum og tilfinningalegum þörfum barnanna sinnt vel. Börnunum var sýnd hlýja og kærleikur alla daga og ábendingum foreldra var vel tekið. Umhverfið og leikefni var aðlagað aldri og þroska barnanna og gerðar breytingar þar um þegar þess gerðist þörf, eins og að skipta út leikföngum eftir því sem börnin þroskuðust og þurftu ný verkefni til að rannsaka og læra.<br><br>Deildarstjórar allra deildar sáu um að ræða við foreldra um einstök mál og sendu póst vikulega til foreldra með upplýsingum um hvað börnin höfðu verið að gera í vikunni, en einnig um hvað væri fram undan í næstu viku. |
| **Samstarf:**<br>Að fagleg og lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarf alls starfsfólks leikskólans. Að fagfólk skólans sé fyrirmyndir | Á deildarfundum og deildarstórnafundum<br>Skráningar | Leikskólastjóri og deildarstjórar | Samstarfið í leikskólanum hefur verið gott síðastliðið skólaár.<br>Það kom upp smávægilegt ágreiningsmál sem var tekið strax á og allir fóru sáttir frá borði.<br>Starfsfólk skólans hefur unnið gott og metnaðarfullt skólastarf með börnunum.<br>Einnig hefur fagfólk skólans skipulagt gott og uppbyggilegt menntastarf og hefur |

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| í samskiptum við alla aðila skólasamfélagsins | | | lagt góðan grunn að málörvunarstarfi skólans svo allir aldurshópar fái sambærilegt starf næst vetur.<br><br>Í leikskólanum hefur ríkt gagnkvæm virðing milli starfsfólks, barna og foreldra þeirra. Starfsfólk vandar sig í samskiptum við alla í skólasamfélaginu sem skilar sér í gagnkvæmri virðingu og notalegu andrúmslofti í leikskólanum. |
| **Mannauður og leikskólabragur:**<br><br>Deildarstjórar þurfa að veita starfsmönnum meiri ábyrgð og hrós í starfi svo þeir öðlist meiri starfsgleði og sjálfstraust. Starfólk þarf að upplifa að það sé að gera vel og séu mikilvægt fyrir skóla-starfið. Starfsfólk er mikil-vægasta aflið í skólanum og því þarf að hlúa vel að því og gefa því verkefni með börnunum sem þeim finnst áhugaverð og sem þroskar þau áfram í starfinu. Einnig þarf að hlusta á hugmyndir starfsfólks og gefa því rými til að vinna að þeim með börnunum. | Á deildarfundum og deildarstórnafundum<br><br>Skráningar | Leikskólastjóri og deildarstjórar | Starfsfólk var duglegt að sýna frumkvæði og koma með hugmyndir að starfinu með börnunum. Deildarstjórar deildu einnig út hinum ýmsu verkefnum til starfsfólks sem leiddi af sér meiri starfsánægju og velgengni þeirra.<br><br>Nokkrum í hópi starfsfólksins fannst dálítið flókið að setja upp hreyfiþraut fyrir börnin þó svo að börnin væru að aðstoða við það. Ákveðið var því að fá íþróttafræðing á skipulagsdegi með fyrirlestur um hreyfifærni barna, mat og þjálfun og hvernig megi á einfaldan hátt nýta hreyfidót skólans til leikja og þrauta. Unnið verður með hreyfidótið áfram næsta skólaár svo börnin geti notið þes að fara í þrautir og leiki, auk þess sem þau eru að efla hreyfifærni sína. Deildarstjórar einsettu sér í upphafi skólaárs að vera duglegir að hrósa starfsfólki sínu fyrir vel unnin störf. Misjafnlega gekk það eins og gefur að skilja, einn deildarstjórinn sagðist hrósa annað slagið, annar sagði að hann hafi hrósað starfsfólkinu á sinni deild full mikið meðan sá þriðji sagði að hrósið á sinni deild væri í góðu ferli.<br><br>Deildarstjórar sögðu að þeir hefðu viljað fá meira hrós frá stjórnendum skólans, þar sem það væri hvetjandi og jákvætt fyrir þá.<br><br>Tekið til athugunar næsta skólaár og bætt úr því. |
| **Skólanámskrá:**<br><br>Skólanámskrá leikskólans endurgerð á haustönn skólaárið 2024-2025 | Á deildarfundum og deildarstjórafundum<br><br>Skráningar | | Vinna við endurgerða skólanámskrá skólans fór af stað haust 2024. Fyrirhugað var að skila endurgerðri skólanámskrá til skóla- og frístundasviðs 31. desember 2025. Fundir voru haldnir með starfsfólki skólans til að hefja þá vinnu sem fylgir því að endurgera skólanámskrána. Deildarstjórar fengu úthlutað verkefnum sem þeir síðan unnu með starfsfólki sinna deilda. Eins og fram hefur komið fóru tveir deildarstórar síðan í lengra veikindaleyfi svo vinnan var ekki eins markviss og ætlað var í upphafi skólaársins. Deildarstjórar sem eftir voru í skólanum unnu með stjórnendum að skólanámskránni og ræddu við starfsfólk sinna deilda um hugmyndir og framkvæmd verkefnisins. Vegna þess hve mikil veikindi herjuðu á |

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| | | | starfsmenn og deildarstjóra skólans sótti framkvæmdarstjóri um frest til 15. febrúar 2025 til að skila skólanámskránni sem var auðfengið.<br>Það fór því svo að 14. febrúar 2025 var endurgerðri skólanámskrá leikskólans Vinaminnis skilað til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar til samþykkis en þá hafði foreldraráð gefið henni umsögn.<br>Umsögn skóla- og frístundasviðs vegna skólanámskrárinnar verður gefin út til stjórnenda skólans sumar/haust 2025 |
| **Málþroski barnanna efldur:**<br>Að efla málþroska barnanna | Á deildarfundum og deildarstjórafundum<br>Málþroskaskimarnir<br>Skráningar | Deildastjórar og leikskólastjóri | Mikið hefur verið unnið með málþroska barnanna síðastliðið skólaár og hefur það gengið mjög vel.<br>Byrjað var með málörvunarstöðvar fyrir börn fædd 2021 að hausti og voru þær einu sinni i viku.<br>Eftir áramótin 2024-2025 var farið af stað með málörvunarstöðvar fyrir börn fædd 2022 sem voru einnig einu sinni í viku.<br>Á Töfrasetini voru lesnar sögur reglulega en þegar leið á vorið fór sagnalestur að víkja fyrir upptökum af leikritum og sögum.<br>Á Völusteini voru Lubba-stundir vikulega eftir áramótin, lestrarstundum fjölgað og flæðilestur settur af stað.<br>Á yngri deildum leikskólans var mikið lesið og sungið með börnunum og eftir áramót var farið af stað með flæðilestur.<br>Til stóð að vinna með TMT þ.e. tákn með tali og Lubbi finnur málbein á yngri deildunum en það fórst að mestu fyrir.<br>Útbúin voru *Galdrakoffort á* öllum deildum skólans en í þau voru settar bækur sem höfðuðu til aldurs og getu barnanna á hverri deild fyrir sig. Börn og foreldrar gátu síðan fengið bók að láni úr koffortinu í lok dags til að lesa heima en þau þurftu að skila bókinni næsta dag. Bókunum í koffortunum var síðan skipt út á 5-6 vikna fresti og aðrar settar í staðinn. Mikil ánægja var meðal barna og foreldra með galdrakoffortin og lánsbækurnar og margar bækur fengnar að láni á öllum deildum. Það skipti samt máli hvar Galdrakoffortin voru staðsett á deildunum, hvað þau voru nýtt mikið. Koffortin voru opnuð í lok ágúst og lokað yfir sumartímann.<br>Málþroskaskimanir leiddu það í ljós að málþroski barnanna hafði eflst til muna. |

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| **Umgengni í leikskólanum:**<br>Að starfsfólk tileinki sér góða umgengni í öllum leikskólanum og séu góðar fyrirmyndir fyrir börnin og annað starfsfólk skólans.<br>Gangi vel um eigur skólans og barnanna s.s. leikföng, liti, húsgögn, fatnað o.fl.<br>Starfsfólk hjálpi börnunum að ganga frá eftir leik eða þegar þau koma inn eftir útiveru.<br>Setja hluti á rétta staði eftir notkun og ganga snyrtilega frá eftir matmálstíma. | Matið fór fram á deildarfundum, stjórnendafundum, í alstundum og skipulagsdegi á vorönn<br>Skráningar. | Allt starfsfólk leikskólans | Í upphafi skólaárs var lagt upp með að hafa skólann snyrtilegan og að starfsfólk hjálpi börnunum að ganga vel um leikefni, leikföng og eigur sínar og vera góðar fyrirmyndir barnanna.<br>Oftar en ekki gleymdist að aðstoða börnin við að ganga frá eftir leik og ganga frá útifatnaði sínum þegar þau komu blaut inn úr útiveru.<br>Tekið var það ráð að gera tékklista fyrir starfsfólk til að skrá í við tiltekt í listasmiðju og á kaffistofu. Þetta lagaði umgengni til muna og næsta skólaár verður tékklisti við fleiri verk eins og t.d. fataklefa barnanna, tiltekt á deildum o.s.frv.<br>Rætt hefur verið við börnin um frágang leikefna og að skapa fallegt umhverfi í skólanum. Starfsfólk þarf að hjálpa börnunum og kenna þeim að setja leikföng og leikefni á rétta staði svo auðvelt sé fyrir þau að ná í dótið aftur. Leikefni er í sjónhæð barnanna á deildum skólans þannig geta þau náð í það sjálf þegar þau vilja nota það.<br>Unnið er að því að sporna við matarsóun í skólanum, börnin eru minnt á að fá sér ekki of mikið á diskinn sinn í einu heldur fá sér aftur og aftur. Ef barn getur ekki klárað er það minnt á að muna næst að skammta sér minna á diskinn sinn svo það geti klárað og ekki þurfi að henda mat. |
| **Farsæld barna:**<br>Að öll börn eigi sama rétt til að lifa farsælu lífi. | Umræður starfsfólks í framhaldi af fræðslufundum í farsældarvikunni.<br>Skráningar | Allt starfsfólk leikskólans | Dagana 10. til 14. febrúar 2025 var svokölluð farsældarvika. Þá var í boði fyrir starfsfólk skólans að hlusta á fyrirlestur um *farsæld barna* en tilefnið var að allt starfsfólk leikskóla viti um hvað farsæld barna snýst um.<br>Farsæld barna þýðir í stuttu máli að:<br>**Öll börn eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda.** |
| **Inngilding – fullgilding** | Kynning á hug-tökunum inngilding - fullgilding.<br>Að allt starfsfólk skólans veit hvað inngilding-fullgilding er bæði með tilliti til samstarfsfélga, barna og foreldra. | Allt starfsfólk | Að allt starfsfólk skólans þekkir og veit hvað hugtökin inngilding-fullgilding þýða og vinnur að því að jafnræði ríki á vinnustaðnum milli allra í skólasamfélaginu óháð bakgrunni, uppruna og menningu.<br>Á skipulagsdegi 14. mars 2025 voru þær Saga Stephensen og Emilía Rrafnsdóttir með kynningu og fyrirlestur um inngilding - fullgilding fyrir starfsfólk.<br>Þessi þáttur var á áætlun í endurmati skólans fyrir skólaárið 2025-2026 í skólanámskrá skólans. Þessi þáttur hefur því fengið umfjöllun og skilning meðal starfsfólks. Verður áfram í starfi skólans skólaárið 2025-2026. |

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| **Viðhorfskönnun foreldra** | Annað hvert ár sendir Reykjavíkurborg foreldrum sem eiga börn í leikskólum í Reykjavík viðhorfskönnun | Foreldrar barna sem stunda nám í Vinaminni | Niðurstöður könnunarinnar sjá fylgiskjal 2. |

## Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

| **Leikskólinn sem heild** UMBÓTAÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerð til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/ aðferðir | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Inngilding-fullgilding** | Halda Inngilding- fullgilding á lofti svo allir viti um hvað það snýst. | Umræður á deildar-starfsmanna- og deildar-stjórafundum | Stjórnendur skólans | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Skráningar og aðgerðar-áætlun eftir umræður á fundum | Að halda á lofti þýðingu inngilding-fullgilding svo allt starfsfólk skólans vinni að því að jafnræði ríki á vinnustaðnum milli allra í skólasamfélaginu óháð bakgrunni, uppruna og menningu. |
| **Stjórnunarhættir** | Efla samskipti nýs framkvæmdastjóra við stjórnendur og starfsfólk leikskólans. | Reglulegir fundir, stöðumat, eftirfylgni á árangur | Framkvæmdastjóri | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Skráningar og aðgerðaáætlun eftir umræður á fundum | Sameiginleg sýn og framgangur á markmiðum og árangur með það að leiðarljósi að starfsfólki ásamt börnum og foreldrum líði sem best með áherslu á jafnrétti og félags- mál- og hreyfiþroska barnanna. |
| **Gagnvirkniskenningar Beritar Bae í starfi skólans** | Að starfsfólk skólans þjálfi sig í að nota gagnvirkniskenningar Beritar Bae í samskiptum við börnin með þróun sjálfsins fyrir alla aðila í huga.<br>Rýna í og rifja upp hugtök í kenningum Beritar Bae, taka einn þátt í eina til að vinna markvisst með.<br>Má þar helst nefna nálægð, viðurkenningu, skilgreiningarvald, ígrundun, tengsl, samspil og að efla tengsl. | Taka fyrir einn þátt í einu á deildar-fundum þar sem starfsf. ræðir saman um efnið í hópum. Síðan er unnið með viðfangsefnið inni á deildum börn og starfsf. æfa sig í að þroska sjálf beggja aðila Skráningar | Deildarstjórar | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Skráningar, umræður á deildarfundum og deildarstjóra-fundum | Að starfsfólk þekki og geti nýtt sér gagnvirkniskenningu Beritar Bae í starfinu með börnunum. Að starfsfólk efli sig í samskiptum við börnin með þróun sjálfsins í huga fyrir báða aðila. |

| **Leikskólinn sem heild** UMBÓTAÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerð til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/ aðferðir | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hreyfiþroski, og hreyfifærni barnanna.** **Styðjast við YAP (young athletes program) hreyfifærnismat.** | Ákveðið var að skoða og efla hreyfifærni barnanna næsta skólaár og styðjast við hreyfifærnismat. YAP **(young athletes program)** Unnið verður með niðurstöður hreyfifærnis-matsins og fundið út hvaða þrautir geta eflt hreyfifærni barnanna á skemmtilegan og uppbyggilegan hátt. Verður t.d. unnið með jafnvægi, styrk, liðleika, snerpu, úthald og viðbrögð svo eitthvað sé nefnt. | Útbúinn verður skimunarlisti sem er einfaldur í notkun en gefur góða sýn á hvernig hreyfiþroski barnanna er, og hvaða æfingar og þrautir skila bestum árangri til að efla hreyfifærni barnanna á sem skemti-legastan og auðveldastan hátt. Skráningar | Deildastjórar | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Skráningar, umræður á deildarfundum og deildarstjóra-fundum | Útbúa skimunarlista sem sýnir á einfaldan hátt hreyfifærni barnanna. Leggja matið fyrir reglulega (þ.e.tvisvar á ári) svo hægt sé að fylgjast með framförum barnanna í grófhreyfingum. Að starfsfólk skólans geti nýtt skimanirnar til að skipuleggja skemmtilegar og áhrifaríkar þrautir og æfingar með börnunum, sem hjálpar þeim að ná góðri færni í hreyfiþroska sínum. |
| **Farsæld barna** | Öll börn eiga rétt á að fá sérstaka þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda. Það getur verið flókið að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir henni. Lögin eiga að tryggja að börn og foreldrar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum. (Farsæld barna) | Að stjórn-endur skólans leggi sitt af mörkum til að öll börn sem þurfa á slíkri þjónustu að halda fái þá þjónustu sem þeim ber. Skráningar | Leikskólastjóri | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Á teymis-fundum með Suðurmiðstöð, foreldrum og stjórnendum skólans Skráningar | Að íslenskt farsældarkerfi nái yfir þau börn sem þurfa á sérstakri þjónustu að halda og þau fái alla þá þjónustu sem þau þurfa. |

# 4 Innra mat og umbótaáætlun Álfasteins

Á Álfasteini eru börn á aldrinum eins til tveggja ára.

Haustið byrjaði á aðlögun þar sem 16 börn fengu pláss á deildinni. Starfið byrjaði vel þar sem lestur, rólegur leikur og útivera var í forgrunni. Börnin aðlöguðust fljótt og vel. Börnin fengu fljótt skipulagt starf þar sem þemavinna, smiðja, könnunarleikur og dúkkuleikur spiluðu lykilhlutverk. Grunnlitirnir voru kynntir fyrir börnunum, helstu dýr og dýrahljóð og málning og litir efldu börnin flesta daga vikunnar. Í október fór deildarstjóri í skyndilegt veikindaleyfi. Afleysing var sett inn á deild á meðan. Nýtt barn kom inn í aðlögun og urðu breytingar á skipulögðu starfi, þar sem áhersla var lögð á samverustundir, lestur og rólegan leik. Deildarstjóri hóf aftur störf í minna starfshlutfalli í febrúar. Þá hófst á ný markvissara starf á deildinni. Börnin fóru minnst tvisvar í viku út, þemavinna um líkamsvitund fór sterk af stað með góðum árangri. Grunnlitirnir voru efldir í hvívetna, þar sem flest börn á deildinni voru komin með góða færni í litunum og gátu t.d. rétt liti eftir fyrirspurnum. Gerð voru skemmtileg verkefni tengd líkamshlutunum, sungin voru lög og lesnar bækur. Börnin fengu verkefni þar sem þau áttu að skoða sig í spegli og sýna starfsfólki hvar augun, eyrun, nefið og munnurinn er staðsett með frábærum árangri. Þá var 18. barninu bætt við hópinn um miðjan febrúar og var þá deildin fullskipuð. Fimmta starfsmanninum var bætt við deildina til að auka aðstoð miðað við fjölda barna. Foreldraviðtöl voru á dagskrá í lok apríl og inn í maí mánuð, gengu þau eins og í sögu. Ánægja foreldra leyndi sér ekki og var deildinni hrósað að öllu leyti. Deildarfundir voru af skornum skammti og þarf að bæta úr því á nýju skólaári en að öðru leyti gekk starfið og aðlögun vel miðað við krefjandi aðstæður yfir önnina, starfsfólk stóð sig almennt vel og aðlagaðist aðstæðum vel. Stjórnendur leikskólans tóku vel á breyttum aðstæðum og hlúðu vel að starfsfólki þegar þess þurfti.

Sara Hlín Breiðfjörð Sölvadóttir
Deildarstjóri á Álfasteini

## Innra mat Álfasteins

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| **Líkamsvitund barnanna efld:**<br>Þemavinna , unnið er með einn flokk i einu:<br>Að börnin þekki heiti líkamshluta sinna.<br>Aðrir flokkar:<br>Litir,<br>fatnaður<br>faratæki<br>o.s.frv. | Á deildarfundi<br>Skráningar | Allt starfsfólk deildarinnar og leikskólastjóri | Um haustið voru nýttar samverustundir til að efla líkamsvitund barnanna. Sungin voru lög, gerðar hreyfingar og annað sambærilegt til að vekja athygli á helstu líkamshlutum þeirra. Um vorið fóru börnin í skipulagt starf þar sem þau voru 8 í hóp. Börnin gerðu ýmis verkefni tengd líkamanum. Stimpluðu hendur, fætur og fingraför. Sungin voru lög, lesnar bækur, börnin skoðuðu sig í spegli og voru flest komin með mikla færni í staðsetningu líkamshlutanna.<br>Einnig var unnið markvisst í þemavinnu, grunnlitirnir voru í forgrunni. Þemavinnan byrjaði vel um haustið en datt upp fyrir þegar líða tók á veturinn. Um vorið var þetta tekið aftur inn og lesnar voru bækur, börnunum gefið dót í þeim lit sem unnið var með þá vikuna. Ekki tókst að taka inn fleiri þemu eins og stóð til í byrjun skólaárs. Eftir deildarfund var ákveðið að skipuleggja þemavinnuna betur á næsta skólaári. |
| **Matartímar:**<br>Að gefa börnunum góðan tíma til að borða svo að þau fái að njóta matarins og matartímans. | Á deildarfundum<br>Skráningar | Allt starfsfólk deildarinnar og leikskólastjóri | Gengið hefur vel að leyfa börnunum að njóta matartímans. Þau borða sjálf og eru efld í að nota skeiðar og gaffla. Orð voru sett á þessar athafnir markvisst um haustið sem sýndi sig vel þegar líða tók á vorið. Börnin geta nú öll notað orðin sín til að biðja um meiri mat eða vatn. Þau fá nægan tíma til að njóta matarins og láta vita þegar þau vilja hætta borða. |
| **Umönnun og daglegar venjur:**<br>Að starfsmenn gefi börnunum góðan tíma við daglegar venjur eins og skipta um bleyjur, fara á kopp-inn, þvo hendur og læra þannig grunn-þætti hreinlætis. Einnig að starfsmenn | Á deildarfundum<br>Skráningar | Allt starfsfólk deildarinnar og leikskólastjóri | Starfsfólk hefur verið virkt í að gefa bleyjuskiptum góðan tíma, þetta eru gæðastundir á deildinni, þar sem börnin fá aukna málörvun, starfmenn tala við börnin, syngja, spyrja þau spurninga og lætur þeim líða vel. Haustið var nýtt í að koma á trausti á milli starfsmanna og barnanna. Vorið var nýtt til þess að æfa koppinn.<br>Það hefði mátt efla meira handþvott en einungis kalt vatn rennur í litla vaskinum inn á deild. Þetta var rætt á deildarfundi og leikskólastjóri ætlaði að fá það í lag svo hægt væri að byrja á þessu. |

| **Hvað var metið?** | **Hvernig fór matið fram?** | **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** |
|---|---|---|---|
| sýni börnunum kær-leika, hlýju og jákvæðni í leik og starfi dag hvern. | | | |

## Umbótaáætlun Álfasteins

| **Álfasteinn** UMBÓTAÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerð til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Hreyfifærnismat og þjálfun grófhreyfingar** | Að efla hreyfifærni barnanna á markvissan hátt. Virkja starfsfólk í þátttöku á hreyfingu barnanna með skipulögðum stundum. | Snemmtæk íhlutun í grófhreyfingum með marktækum skimunum. Börn eru prófuð í byrjun annar og aftur að vori í markvissri hreyfingu. | Allir starfsmenn deildarinnar. | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Skimun tekið á börnunum í byrjun annar og aftur 8 vikum síðar, þetta er endurtekið á vorönn. Skráningar | Að börnin eflist í grófhreyfingum. Læri fjölbreytta færni í hreyfingu eins og að hoppa, klifra, kasta, sparka og fleira. |
| **Þemavinna** | Efla orðaforða og málþroska barnanna með þemavinnu þar sem eitt áhersluatriði er tekið fyrir í einu eins og t.d grunnlitir, dýr, fatnaður og farartæki | Markvisst starf þar sem tiltekið þema er unnið. Notað bækur, söngva, dót og annað til að efla orðaforða barnanna. | Allir starfsmenn deildarinnar | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Umræðufundir með starfsfólki undir handleiðslu deildarstjóra. Þema og tímalína skráð fyrir hvern flokk. Skráningar | Að börnin auki við orðaforðann á markvissan og skipulagðan hátt. Unnið með eitt áhersluatriði í mánuði í senn og þannig lögð inn orð til að efla orðaforða barnanna. |
| **Útivera** | Efla grófhreyfingar barnanna og samband þeirra við náttúruna. Kenna þeim grunnhreyfingar og færni í aðstæðum eins og útisvæði skólans. | Sett upp skipulag þar sem starfsfólk veit hvað það á að vinna með í útiverunni. Börnin fá með þessu markvissari leik í útiveru þar sem þau læra á leiksvæðið og til hvers er ætlast af þeim. | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn | 5. ágúst 2025 | 30.júní 2026 | Umræður á deildarfundum. Deildarstjóri skráir markmið útiverunnar og fer yfir með starfsfólki. Skráningar | Að börnin þekki útisvæðið, séu örugg og njóti útiverunnar. Að börnin öðlist fjölbreytta færni í grófhreyfingum með því að fá tækifæri til að klifra, hoppa, sparka, kasta og fleira. |
| **Leikurinn** | Efla börn og starfsfólk í leik. Veita starfsfólki viðeigandi tól til að efla sig í leiknum. | Deildarstjóri leiðbeinir starfsfólki varðandi leik barna. Starfsmaður þarf að vera virkur í leik, sitja með og kenna börnunum. | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Umræður og fræðsla veitt fólki á deildar og umræðufundum. Skráningar. | Að börnin fái tækifæri til að kanna leikaðstæður, eflist í leikfærni og fái markvissa aðstoð þegar við á. Starfsfólk efli sig í leikaðstæðum með börnunum og taki virkan þátt í að efla börnin. |

## 5 Innra mat og umbótaáætlun Dvergasteins

Á Dvergasteini eru börn á aldrinum tveggja til þriggja ára

Haustið byrjaði á því að við börn og starfsfólk færðum okkur yfir á Dvergastein frá Álfasteini. Aðlögunartími okkar var frekar stuttur þar sem starfsfólkið fylgdi börnunum yfir á nýja deild, og svo bættust ný börn í hópinn. Aðlögunartíminn var í rólegri kantinum og vorum við bara með rólegar stundir og lásum fyrir börnin auk þess sem börnin léku sér með dótið sem þau höfðu ekki séð mikið af áður. Þegar leið á haustið fórum við að læra á dagskipulagið okkar. Við notuðum mikið útiveruna þegar veður leyfði og byrjuðum svo í stöðvavinnu sem börnin þurftu að læra á. Fyrst vorum við aðeins í um 5-7 mínútur á hverri stöð. Það gekk mjög vel en við tókum það mjög rólega og lengdum svo smám saman tíman þar til við vorum komin í 20 mínútur í vor. Við unnum i þemavinnu um húsdýrin með börnunum og það gekk vel, við náðum að vísu einungis að fræðast um íslensku sauðkindina, en sú vinna gekk vel og við lærðum hvað við fáum frá kindinni, hvað hún étur og fleira. Síðan unnum við með litina þar sem börnin voru ekki öll komin með færni í þeim. Við lögðum áherslu á að hafa rólegar stundir á deildinni, þá unnum við í borðvinnu t.d. púsla, leira, lita, pinna o.s.frv. Börnunum var alltaf skipt í tvær stofur fremri og innri stofu þannig náðist betri ró á deildinni og börnin nutu sín betur í fámennum hópi. Samverustundir fengu sitt rými í starfinu og skiptum við börnunum í tvo hópa og völdum sögur eftir þroska barnanna því á deildinni er alveg árs aldursbil á aldri þeirra. Við sungum mikið með börnunum til að efla málþroska þeirra og höfðum orð á hlutum og athöfnum. Börnin sýndu miklar framfarir í máli og eru mörg komin með ansi góðan málþroka miðað við aldur. Það tókst ekki að vinna með TMT þ.e. tákn með tali eins og lagt var upp með nema að takmörkuðu leyti. Lubbi finnur málbein bíður til næsta skólaárs. Foreldraviðtölin gengu mjög vel og voru foreldrar almennt mjög ánægðir hvað starfið á deildinni gengur vel og frábærlega. Ég var mjög dugleg að skipta út leikföngum fyrir börnin eftir því sem leið á skólaárið og börnin þroskuðust. Það vakti áhuga og gleði meðal barnanna að fá annars konar og meira krefjandi leikefni. Deildarfundir mættu vera fleiri hjá okkur til að tala saman um hvernig hlutirnir eiga að vera. Starfsfólkinu líður vel og við höfum alltaf talað saman um þá hluti sem nauðsynlegir eru og ef það hefur verið eitthvert ósætti og tuð inn hjá okkur.

Gróa Norðfjörð Jónsdóttir

Deildarstjóri á Dvergasteini

## Innra mat Dvergasteins

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| **Félagsfærni og samskipti:**<br>Styðja við og efla félagsfærni barnanna. | Á deilarfundum.<br>Skráningar | Leikskólastjóri, deildarstjóri og starfsmenn á deildinni. | Börnin léku í fámennum hópum og voru studd í að læra að vera vinir, og leika saman.<br>Starfsfólk talaði mikið við börnin og hafði orð á hlutum og athöfnum í daglega starfinu. Börnin lærðu að hafa góð samskipti sín á milli, þau lærðu að skiptast á með dótið, bíða, lána og fá lánað frá öðrum. Börnin voru hvött til að nota orðin sín í samskiptum við vini sína.<br>Unnið var með *Bínu bálreiðu* í samverustundum og börnin lærðu að trufla ekki aðra í þessum stundum og hafa hendur hjá sér.<br>Í fyrstu fengum við ekki viðbrögð frá börnunum, en endurteknar umræður og lestur bókarinnar gerði það að verkum að börnin fóru að skilja reglur Bínu og átta sig á hegðun hennar í bókinni. |
| **Sjálfshjálp og sjálfstæði:**<br>Efla sjálfstæð vinnubrögð og sjálfshjálp. | Á deildarfundum.<br>Skráningar | Deildarstjórar og allir starfsmenn deildarinnar. | Börnin á Dvergasteini eru ótrúlega dugleg í fataklefanum. Þau geta sýnt starfsfólki fötin sín og reyna að stinga hendinni í ermina eða fætinum í skálmina á kuldagallanum. Þetta gerir það að verkum að börnin eru upptekin við að reyna að klæða sig og eru áhugsöm um viðfangsefnin.<br>Á næsta skólaár ætlum við að vera með sjónrænt skipulag með útifatnaðinn svo börnin sjái hvað þau eiga að klæða sig í fyrir útveruna. Fyrst peysuna, svo úlpuna o.s.frv.<br>Í haust á meðan aðlögunin stóð yfir var starfsfólkið duglegt að kynna mismunandi viðfangsefni fyrir börnunum en þau voru ekki mikið að velja hvað þau vildu gera. Eftir sem leið á veturinn byrjuðu börnin að sýna sjálfstæði í vali á viðfangsefnum og sást þá hvernig þau efldust í sjálfstæði og frumkvæði og urðu glöð og ánægð þegar þau voru að leika með dótið sem þau völdu sjálf. |

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| **Umhverfi og efniviður:**<br>Skipuleggja umhverfi og efnivið þannig að það stuðli að frekari námi og leik. | Á deildarfundum.<br>Skráningar | Starfsmenn deildarinnar og börnin á deildinni. | Starfsfólk ræddi saman um hverju væri hægt að breyta á deildinni svo að umhverfið hentaði betur í leik fyrir börnin á deildinni. Hilluskápar voru fjarlægðir af deildinni og uppröðun annarra húsgagna breytt.<br>Starfsfólk var duglegt að skipta út leikföngum og leikefni á deildinni þegar líða fór á veturinn en það stuðlaði að frekari þroska og sjálfstæði barnanna. Til dæmis var litlu einingakubbunum skipt út fyrir stóra einingakubba og fleiri mismunandi kubbum var skipt út.<br>Starfsfólk var meðvitað um að börnin höfðu ekki mikið úthald í leik í einu en þá voru leikföngin tekin saman og annað jafnvel meira krefjandi viðfangsefni tekið í leikinn. Þetta leiddi til þess að börnin voru áhugasamari, rólegri og glaðari í leiknum. |

## Umbótaáætlun Dvergasteins

| **Dvergasteinn** UMBÓTAÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerð til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hreyfifærnismat og þjálfun grófhreyfinga** | Að efla hreyfigetu hjá börnunum. Vera með skilvirkt mælitæki/skimun til að meta getu og framfrarir í hreyfifærni barnanna. | Að skima hreyfifærni barna og vera með markvissa þjálfun fyrir öll börnin<br>Að starfsfólkið verða duglegt að setja upp skemmtilegar og einfaldar hreyfiþrautir fyrir börnin svo það stuðli að bættri hreyfifærni þeirra. | Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar. | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Á deildafundum.<br>Skráningar | Að hreyfistund verður hluti af starfinu og starfsfólk duglegt að nota hreyfidót skólans til að gera skemmtilegar og áhrifaríkar þrautir.<br>Að efla hreyfifærni allra barna og skilning þeirra á regluleikjum |
| **Tmt: sýnilegt á deildinni** | Börnin geta tileinkað sér einföld tákn TMT. | Að nota tákn með töluðu máli. Að sýna tákn 2-3 á dag og hafa þau sýnileg, bæta svo við nýjum orðum/táknum þegar þau hafa lært hin. (2ja vikna fresti) | Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Umræður á deildinni, á foreldrafundi og deildarfundum.<br>Skráningar | Að börnin geta notað tákni til að tjá sig um hvað þau vilja meðan þau hafa ekki fullt vald á töluðu máli. Til að starfsfólk viti hvað þau eru að segja og endurtaka það. |
| **Val** | Að efla valið á deildinni. Hafa það 1 til 2 í viku. | Vera með val í dagskipulag deildarinnar. Hafa 4-5 svæði og einn starfsmaður á hverju svæði.<br>Starfsfólkið skiptist á við að undirbúa val fyrir daginn. | Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Á deildafundum.<br>Skráningar | Að börnin læra hvernig valkerfi leikskólans er. Þau læra að velja sjálf hvað þau vilja gera, verða sjálfstæð í hugsun og ákvörðunum og læra að staldra við í smá stund í einu á hverju valsvæði.. |

| **Dvergasteinn UMBÓTAÞÁTTUR** | Tækifæri til umbóta | Aðgerð til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Flæðilestur** | Að efla lestrar-áhuga, hlustun, skilning og orða-forða barnanna. Efla starfsfólk í að grípa bók og lesa oftar og án tilefnis fyrir börnin. | Að lesa meira fyrir börnin og grípa börn sem eru ekki komin með aldurssvarandi orðaforða, sýna þeim bækur, leggja inn orð og fá þau til að herma eftir orðum og segja frá.<br>Hafa bækur sýnilegri og aðgengilegri fyrir börnin á deildinni. | Deildarstjóra og starfsmenn deildarinnar | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Á deildafundum og skráningar | Að börnin fái áhuga á bók lestri og að hlusta á lesnar sögur.<br>Að öll börnin verði komin á aldurssvarandi stað í málþroska eftir veturinn.<br>Geti tjáð sig um langanir sínar, skilji einföld fyrirmæli og einfaldar sögur. |
| **Að starfsfólk efli sig í starfinu með börnunum.** | Að starfsfólkið verði öruggara í starfi og meðvitað um starfsaðferðir sínar og uppeldisstefnu leikskólans.<br>Fá meiri fræðslu fyrir starfsfólk sem hjálpar þeim í starfi. | Góður starfsandi, góð samskipti, fræðsla, reglulegir deildarfundir.<br>Mikilvægt að starfsfólkið segi frá sínum skoðunum í starfinu, deili upplýsingum og þekkingu. | Deildarstjórar og starfsfólk á deildarinnar. | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Deildarfundum og opin umræða inn á deildum.<br>Skráningar | Að starfsfólkinu líði vel á deildinni. Þau séu örugg og viti hvað þau eiga að gera. Finni að þau eru að gera rétt, þau fái tækifæri til að koma með sýnar hugmyndir og framkvæma þær með börnunum og þau finni að það er hlustað á þá.<br>Þau þurfa að vita að hugmyndir frá þeim eru líka góðar ekki bara hugmyndir deildarstjóra. |

# 6 Innra mat og umbótaáætlun Völusteins

Á Völusteini eru börn á aldrinum tveggja til þriggja ára

Í upphafi skólaárs var skipulag deildarinnar að mestu í höndum leikskólastjóra og framkvæmdarstjóra, þar sem deildarstjóri var í veikindaleyfi um óskilgreindan tíma. Áhersla var lögð á að fylgja dagskipulagi, setja meiri kraft í val og að áhersla yrði lögð á málörvun á sérstökum málörvunarstöðvum. Starfsfólk deildarinnar stóð sig mjög vel með góðri aðstoð frá leikskólastjóra. Deildarstjóri Völusteins kom aftur til starfa eftir veikindaleyfi í upphafi árs 2025, fyrst í lægra starfshlutfalli sem jókst jafnt og þétt upp í fullt starfshlutfall. Frá áramótum hefur starfið á deildinni gengið mjög vel og sjaldan þurft að bregða frá dagskipulagi deildarinnar. Deildarstjóri var mjög ánægður og stoltur af því starfi sem unnið hafði verið í fjarveru hans og voru litlar eða engar breytingar gerðar á dagskipulagi og starfi á deildinni frá því í haust.

Samstarf og samvinna á milli deilda er mjög gott, en tvisvar í viku eru málörvunarstöðvar þar sem eldri árgangur deildarinnar er í hópum með jafnöldrum sínum á Töfrasteini og yngri árgangur með jafnöldrum á Dvergasteini. Bæði börn og starfsfólk er orðið öruggt í stöðvavinnunni, veit til hvers er ætlast og gengur starfið því mjög smurt fyrir sig. Valstundir hafa gengið mjög vel og eru orðnar fastur liður í starfinu á deildinni, börnin hafa því fengið meira um það að segja hvað þau taka sér fyrir hendur og vinna að í leikskólanum. Seinni hluta skólaársins hefur lestur bóka, Lubbastundir og stundir þar sem þulur og vísur eru kynntar fyrir börnunum orðið markvissari og hefur það meðal annars skilað sér til barnanna með auknum áhuga og úthaldi í samverustundum.

Skipulag deildarinnar hefur verið í þróun síðustu mánuði, ýmsar breytingar hafa verið gerðar með það í huga að umhverfi deildarinnar styðji við nám og þroska barnahópsins. Þær breytingar sem gerðar hafa verið hafa reynst mjög vel en eru í stöðugri þróun.

Sigríður Harpa Benediktsdóttir
Deildarstjóri á Völusteini

## Innra mat Völusteins

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| **Matmálstímar: Samræma borðsiði og sporna við matarsóun** | Á deildarfundum.<br>Skráningar | Allt starfsfólk deildarinnar og leikskólastjóri | Að börnin öðlist færni í að skammta sér sjálf á disk og hella í glösin sín.<br>Hefur gengið mjög vel og eru börnin flest orðin mjög örugg með að gera sjálf. Þau eru meðvituð um að skammta sér minna í einu á diskinn og fá sér frekar oftar. Þetta hefur dregið úr matarsóun og sjálfshjálp og sjálfstæði barnanna hefur aukist. |
| **Samvinna milli deilda:**<br>**Að samvinna ríki milli deilda sem eru með börn á sama aldri svo öll börn í sama árgangi fái samskonar starf.** | Á deildarfundum.<br>Skráningar | Allt starfsfólk deildarinnar og leikskólastjóri | Tvisvar í viku var samvinna milli Völusteins og Töfrasteins (eldri árgangur Völusteins og yngsti árgangur Töfrasteins) þar sem unnið var að markvissri málörvun. Annan daginn voru börnin á Völusteini og hinn á Töfrasteini.<br>Einu sinni í viku var samskonar samstarf milli yngri árgangs á Völusteini og eldri árgangs á Dvergasteini. Þar var einnig unnið með markvissa málörvun og fór starfið fram inni á Völusteini.<br>Einnig hefur verið aukið flæði á milli deilda, bæði milli Völusteins og Dvergasteins og Völusteins og Töfrasteins.<br>Aukið samstarf hefur gengið mjög vel og skilað sér í fjölbreyttara starfi þar sem starfsfólk fer meira á milli deilda. Samskipti og samvinna milli deilda og meðal starfsfólks er meiri og styrkleikar og áhugasvið starfsfólks hafa fengið meira rými. |
| **Samræma starfsaðferðir:**<br>Að starfsfólk tileinki sér gagnreyndar jákvæðar aðferðir í starfinu með börnunum og í sam-skiptum við þau.<br>Í leik, þegar þeim eru sett mörk og í daglegu starfi og athöfnum. | Á deildarfundum.<br>Skráningar | Allt starfsfólk deildarinnar og leikskólastjóri | Lögð hefur verið rík áhersla á jákvæð samskipti, að sýna því góða og jákvæða meiri athygli en því sem betur mætti fara eða gera.<br>Starfsfólk hefur verið duglegt að minna bæði börn og hvert annað á, t.d. að nota inniröddina, fara til barns og tala við það í stað þess að tala yfir allan hópinn o.s.frv. Eins hefur starfsfólk verið meira vakandi við að aðstoða hvert annað og stíga inn í aðstæður ef þarf.<br>Það gengur alltaf betur og betur að samræma starfsaðferðir þegar kemur að því að setja mörk. Allt er á réttri leið og mun sú vinna halda áfram. |

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| **Val:**<br>Er kerfi sem stuðlar að frjálsum leik þar sem börnin ákveða sjálf hvað er í boði á leik-svæðunum og þau velja sér síðan leik-svæði og viðfangsefni. Það að börnin velji sér viðfangsefni er hinn frjálsi leikur barnanna. Val verður í starfinu á Völusteini einu sinni til tvisvar í viku. | Á deildarfundum.<br>Skráningar | Allt starfsfólk deildarinnar og leikskólastjóri | Val er að lágmarki tvisvar sinnum í viku og hefur það gengið mjög vel. Þá velja börnin sér svæði og verkefni sem þau vilja vinna með hverju sinni. Valið hefur gengið mjög vel og eru öll börnin búin að læra hvað felst í Valinu og að mikilvægt er að standa við sitt val í ákveðinn tíma áður en hægt er að skipta.<br>Starfsfólkið er einnig orðið mjög öruggt með valstundir og eru þær orðnar fastur liður í starfinu á Völusteini. |

## Umbótaáætlun Völusteins

| **Völusteinn** UMBÓTAÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerð til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Hreyfifærnismat og þjálfun grófhreyfinga** | Nota YAP hreyfiprógram og skimunarlista. | Markvissari og skipulagðari hreyfistundir en áður. Að hvert barn fari að lágmarki einu sinni í viku í skipulagða hreyfistund inni eða úti. | Deildarstjóri. Allt starfsfólk deildar vinnur saman að settum markmiðum. | 5. ágúst 2025 | 30. Júní 2026 | Skráningar og reglulegt mat á hreyfistundum. Skimanir, Yap. | Að starfsfólk hafi öðlist færni í að setja upp og skipuleggja hreyfistund.<br>Að barnahópurinn öðlist aukið úthald og öryggi í hreyfistundum.<br>Að skimanir sýni þróun og framfarir í hreyfiþroska barna. |
| **Félagsfærni** | Efla félags- og samskiptafærni | Styrkja vináttu innan barnahópsins, styðja við jákvæð samskipti milli barna. | Deildarstjóri. Allt starfsfólk deildar vinnur saman að settum markmiðum. | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Skráningar. | Að börnin hafi færni til að tjá tilfinningar sínar, líðan og væntingar. Sýni sjálfum sér og öðrum kurteisi, virðingu, umburðarlyndi og þolinmæði.<br>Að börnin sýni tillitssemi, séu vingjarnleg hvert við annað. |
| **Sjálfstæði og sjálfshjálp** | Að börnin verði sjálfbjarga á matmálstímum, fataklefa og á salerni. | Að styðja við börnin og efla þrautseigju. | Deildarstjóri. Allt starfsfólk deildar vinnur saman að settum markmiðum. | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Skráningar. Símat á deildarfundum. | Að börnin geti klætt sig sjálf.<br>Að börnin geti skammtað sér sjálf í matartímum, borðað með hnífapörum og gengið frá eftir matartíma.<br>Að börnin geti farið á salerni sjálf. |
| **Málörvun - efla málhæfni og orðaforða** | Auka orðaforða, skilning og færni í notkun tungumálsins | Nota *Gefðu 10* markvisst, vera með bók vikunnar, orð vikunnar, Lubbi finnur málbein, sönglög/þulur/vísur mánaðarins. | Deildarstjóri. Allt starfsfólk deildar vinnur saman að settum markmiðum. | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Skráningar, skimanir, TRAS, EFI. | Aukinn orðaforði og skilningur á tungumálinu.<br>Að börnin geti nýtt sér tungumálið í samskiptum, námi og í eigin þekkingarleit og leik. |

# 7 Innra mat og umbótaáætlun Töfrasteins

Á Töfrasteini eru börn á aldrinum þriggja til sex ára

Í upphafi skólaárs hófst aðlögun barna frá Völusteini yfir á Töfrastein. Það tók smá tíma fyrir börnin að venjast nýju umhverfi og deildinni og því skipulagi sem þar er, en það kom fljótt þegar þau fóru að kynnast deildinni. Gott skipulag Töfrasteins hefur einkennt okkar starf og höfum við lagt mikinn metnað í að bæði börn og starfsfólk átti sig á dagskipulaginu. Alstundir er grunnurinn að því að koma upplýsingum um daginn til barna og starfsfólks og var þetta því eins og fyrri ár mikilvægur þáttur.

Við lögðum af stað með skipulag í byrjun skólaárs sem hélt að mestu út allt árið. Áhersla var lögð á almennt uppbyggjandi starf fyrir alla aldurshópa en einnig sérsniðið fyrir hvern árgang. Í ár voru börn fædd 2019, 2020 og 2021 á Töfrasteini. Mikil áhersla var lögð á að efla málþroska barnanna og félagsfærni enda sérstaklega mikilvægir þættir og einkennandi fyrir leikskólann í heild. Við vorum með þrjár fastar sögustundir í viku fyrir hvern árgang og eftir því sem leið á árið var hægt að lesa erfiðari og lengri sögur. Áhugi og athygli barnanna hefur aukist og er auðvelt að lesa fyrir allan hópinn í heild. Þá vorum við líka með galdrakoffort þar sem börnin gátu tekið bækur og farið með heim til að lesa. Í vetur var mikil samvinna með Völusteini. Börn fædd 2021 voru með elstu börnunum á Völusteini einu sinni í viku fyrir áramót og tvisvar í viku eftir áramó var þá unnið í málörvandi stöðvavinnu en einnig stöðvavinnu til að efla félags og hreyfiþroska, fínhreyfingar og grófhreyfingar. Samstarfið gekk vel og voru bæði börn og starfsfólk orðinn örugg í sinni vinnu.

Á Töfrasteini er val þrisvar sinnum í viku, þar fá börnin tækifæri til að velja milli ólíkra leiksvæða. Í vali eru þau hvött til að velja út frá eigin áhuga og efla sinn þroska í leik með samnemendum sínum. Við lögðum upp með að hafa fjölskylduleikinn sem oftast í boði þetta árið og það tókst nokkuð vel.

Hópastarf barna fædd 2020 hófst í byrjun september og börnin völdu þemað og urðu rándýr fyrir valinu. Það var síðan dregið saman í íslensk rándýr. Í upphafi hópstarfsins voru tveir barnahópar, annar hópurinn vann með dýrin á meðan hinn var í málörvun og öðrum verkefnum. Í byrjun nóvember fór svo allur barnahópurinn á fullt í að vinna með íslensku rándýrin. Verkefnavinnan gekk vel og börnin höfðu mikinn áhuga á starfinu. Í lok febrúar hófst svo vinnan við lokverkefnið þar sem börnin, hvert og eitt, valdi sér og bjó til skúlptúr af einu íslensku rándýri sem þau lærðu um í vetur. Þar sem ekki allir geta unnið að því í einu voru margs konar verkefni í kringum lokaverkefnið. Verkefni sem tengjast rándýrinu en einnig verkefni til að efla hreyfi-, félags- og málþroska.

Elstu börnin þ.e. börn fædd 2019 hófu undirbúning fyrir skólagöngu sína í byrjun september í Vísdómstundum. Í Vísdómsstundum vinna börnin alfarið á sínum forsendum. Þau ræða um tilfinningar sínar og hvað þau geti gert þegar þau verða reið, einmanna, glöð o.s.frv. Börnin í Vísdómsstundum vinna einnig í leiklist sem eflir félagsfærni þeirra, virðingu fyrir hugmyndum hvert annars, málþroska, hugmyndaflug, samkennd og samhjálp svo eitthvað sé nefnt. Þau læra um lýðræði og umræður þeirra einkenndust stundum af rökræðum um þau mál sem eru á dagskrá hverju sinni.

Í heild var árið gott. Einhverjar breytingar voru í hópi starfsfólksins á deildinni en það kemur maður í manns stað. Áfram verður lagt upp með að halda góðu skipulagi á deildinni til að hafa sem best starf og nám fyrir börnin.

Halldór Gauti Kristjánsson
Deildarstjóri á Töfrastein

## Innra mat Töfrasteins

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| **Að sjá til þess að börnin njóti leiks og starfa á Töfrasteini í rólegu umhverfi án truflandi óróa og umgangs barna og ráps milli leiksvæða t.d. eftir máltíðir**<br>Að börnin fái rólegheit í leik t.d. eftir morgunverð, hádegisverð og síðdegis-hressingu.<br>Að koma í veg fyrir að börnin rápi úr einu herbergi í annað og endi svo í hlaupum í fataherbergi barnanna. | Á deildarfundum.<br>Skráningar | Allt starfsfólk deildarinnar og leikskólastjóri | Þegar leikskólastarfið hefst að hausti er mikilvægt að gera börnunum grein fyrir dagskipulaginu það veitir börnunum öryggi og vellíðan að vita hvernig dagarnir líða í leikskólanum. Gott dagskipulag á deildinni gerir það að verkum að rólegheit og notaleg stemning myndast í barnahópnum og starfsfólk deildarinnar veit sitt hlutverk.<br>Starfið á deildinni gekk vel síðastliðið skólaár, börnin lærðu fljótt og vel á dagskipulagið og hafa verið dugleg að velja sér viðfangsefni í leik og starfi. Starfsmannahópurinn á deildinni náði vel saman og allir samtaka í starfinu.<br>**Morgunverður og leikur eftir morgunmat fram að alstund:** Morgunverðurinn er í Borðstofunni og borða börnin jafnóðum og þau koma í skólann á morgnana. Mikilvægt er að barnahópnum sé skipt í tvennt eftir morgunverðinn. Þau börn sem koma snemma í skólann og eru búin að borða fyrr fara í Skólastofu með einum kennara. Börn sem koma síðar eru í rólegum leik í Borðstofunni eftir að hafa borðað eða fram að Alstund kl. 9.00.<br>**Styrkleikar**: Gott að skipta barnahópnum í tvennt strax í byrjun dags<br>Hafa rólega borðleiki í boði til að minnka óþarfa hávaða í morgunverðinum og fram að alstund<br>Auðvelt fyrir börnin að ganga frá leikefni áður en Alstund byrjar<br>Alstund byrjar kl. 9.00 þá setjast allir á deildinni börn og starfsfólk saman í Skólastofu og fara yfir dagskipulagi, syngja morgunsönginn og ræða um annað sem til fellur dag hvern.<br>**Tækifæri til umbóta**:<br>Taka þarf betur á rápi barnanna milli Skólastofu og Borðstofu. Það veldur óróleika og truflun fyrir börnin sem eru þegar komin í leik. Hjálpa þarf þeim börnum að velja sér viðfangsefni og komast í leik sem vilja vera á ferðinni milli stofa.<br>Stuðla að betra jafnvægi milli fjölda barna í Borðstofu og Skólastofu<br>Eftir hádegisverð er útivera barnanna á Töfrasteini. Þá er nauðsynlegt að skipuleggja starfið vel. Mikilvægt er að það séu ekki of mörg börn í einu í fataherberginu að klæða sig í útifötin. Það veldur óþarfa |

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| | | | öngþveiti og árekstrum meðal barnanna. Þar sem börnin borða bæði í Borðstofu og Skólastofu fer fyrst einn starfsmaður frá báðum stofum með nokkur börn í einu fram í fataherbergi, þeim er boðið á snyrtinguna og þau aðstoðuð við að klæða sig í útifötin ef þarf. Fyrst fer einn starfsmaður út með börnunum sem eru tilbúin í útiveru meðan annað starfsfólk aðstoðar þau börn sem eftir eru að klæða sig .<br>**Styrkleikar**:<br>Þetta skipulag kemur í veg fyrir of mikinn fjölda barna í fataklefanum í einu. Kemur í veg fyrir öngþveiti og árekstra barnanna í fataherberginu og starfólk á auðveldara með yfirsýnina og getur gripið fyrr inn í ef eitthvað kemur upp á og aðstoðað börnin við að klæða sig.<br>**Tækifæri til umbóta**:<br>Mikilvægt að fara eftir þessu ferli í hvívetna þó svo að það vanti starfsfólk á deildina.<br>Eftir síðdegishressingu geta börnin á hverju borði fyrir sig valið sér viðfangsefni þegar allir á borðinu hafa lokið við að borða.<br>**Styrkleikar:**<br>Þegar börnin geta valið sér viðfangsefni strax eftir síðdegishressinguna kemur meiri ró í leikinn og börnin fara að einbeita sér vel í leik.<br>**Tækifæri til umbóta**:<br>Á Töfrasteini fara börnin sjálf á snyrtinguna þegar þau þurfa. |
| **Umgengni á deildinni:**<br>Að börnin læri að ganga vel um eigur sínar og eigur leikskólans.<br>Starfólk sé góðar fyrirmyndir í þessum efnum. | Á deildarfundum.<br>Skráningar | Allt starfsfólk deildarinnar og leikskólastjóri. | **Styrkleikar**:<br>Mikil áhersla er lögð á að starfólk kenni börnunum að ganga vel frá leikmunum og efnivið svo þau geti gengið að því vísu næst þegar þau vilja nota það.<br>Settur hefur verið upp tékklisti í Smiðjunni þannig að hver starfsmaður sem er að vinna þar með börnum ber ábyrgð á sínum frágangi og skráir í tékklistann frágang eftir vinnu þar.<br>**Tækifæri til umbóta**:<br>Umgengni um leikföng og dót er ábótavant á Töfrasteini. Leikföng ruglast milli dótakassa og púslbitar og annað smádót liggur á hillum og skápum. |

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| | | | Mikilvægt er að leikskólinn sé fallegur og snyrtilegur og leikmunir séu á sínum stað í hillum svo börnin geti gengið að þeim vísum. Starfsfólk þarf að vera fyrirmyndir barnanna í þessum efnum.<br>Næsta skólaár þarf starfsfólk deildarinnar að vera vakandi yfir því að aðstoða börnin við tiltekt og kenna þeim að setja leikföng og efnivið á rétta staði á deildinni.<br>Umgengni í fataklefa barnanna er einnig mjög ábótavant. Starfsfólk þarf að vera vakandi yfir því að hjálpa börnunum að ganga frá blautum fötum í fatahólf barnanna þegar þau koma inn úr útiveru svo þau týnist ekki. Starfsfólk þarf einnig að leiðbeina börnunum með að hengja upp úlpur og kuldagalla, og ganga frá eigum sínum á rétta staði og sópa fataherbergið í lok útiveru<br>Það vill stundum verða að börnin eru komin með allt of mikið af fötum í fatahólfið sitt. Minna þarf foreldra á að passa að börnin komi ekki með of mikið af útifötum með sér í skólann, og hafi með sér margnota poka fyrir blaut og óhrein föt.<br>Þar sem það hefur reynst ágætlega að hafa tékklista yfir umgengni í smiðjunni er tilvalið að bæta þeim við á fleiri stöðum í skólanum meðan starfsfólk er að æfa sig í að ganga vel frá og hafa snyrtimennsu í forgrunni.<br>Allt starfsfólk þarf að finna til ábyrgðar við að hafa leikskólann hreinan og snyrtilegan, þannig líður börnum og starfsmönnum vel. |
| **Matartímar – matarsóun:**<br>Styðja börnin í því að þau læri að skammta sér passlega mikið á diskana sína.<br>Hvetja börnin til að smakka allan mat þó þau haldi að hann sé ekki góður. | Á deildarfundum.<br>Skráningar | Allt starfsfólk deildarinnar og leikskólastjóri | Leikskólinn Vinaminni er að sporna við matarsóun og börnin taka virkan þátt í því. Börnin eru studd í að læra að skammta sér passlega á diskinn sinn svo þau geti klárað matinn. Þeim er kennt að það er betra að fá sér minna á diskinn í einu en fá sér frekar aftur og aftur ef þau vilja. Börnunum er leiðbeint ef þau geta ekki kárað matinn sinn að muna næst að fá sér minna á diskinn.<br>Gekk betur eftir því sem leið á veturinn og matarsóun minnkaði.<br>Starfsfólk hefur líka verið duglegt við að hvetja börnin til að smakka á öllum mat.<br>**Tækifæri til umbóta:**<br>Mikilvægt er að styðja við börnin í matartímanum og hvetja þau til að smakka nýjan mat en ef þau vilja ekki ákveðinn mat þá er það í lagi. Ef |

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| | | | það virðist vandamál þarf að ræða við foreldra um málið og finna lausn. Mikilvægt er að allt starfsfólk deildarinnar sé meðvitað um þannig mál og vinni samkvæmt ákvörðunum þar um.<br>Gerður var listi yfir borðsiði sem lesa á fyrir börnin í byrjun máltíðar. Þar kemur m.a. fram að við ætlum að passa að skammta okkur passlega mikið á diskana svo við getum klárað matinn okkar því við ætlum ekki að henda mat. Við ætlum að vera snyrtileg við matar-borðið, sitja rétt við borðið og bíða meðan allir við borðið eru að klára að borða.<br>Það hefur alveg farist fyrir að fara yfir borðsiðina með börnunum á Töfrasteini svo það bíður næsta skólaárs. |
| **Fjölskylduleikurinn – búið:**<br>Að fjölskylduleikurinn sé oftar í boði fyrir börnin | Á deildarfundum.<br>Skráningar | Allt starfsfólk deildarinnar og leikskólastjóri. | Ákveðið var strax í byrjun skólaárs að hafa fjölskylduleikinn alltaf í boði í vali en val er þrisvar í viku. Gekk það mjög vel<br>Ef börnin voru inni eftir hádegi vegna veðurs var nokkrum börnum í einu boðið í búleik þegar kaffitíma starfsfólks var lokið. Búleikurinn er mjög vinsæll og skemmtilegur leikur og nauðsynlegt að bjóða upp á leik í búinu eins oft og hægt er.<br>**Tækifæri til umbóta**:<br>Starfsfólk þarf að vera tilbúið að taka þátt í leik barna í fjölskylduleiknum (búleik) t.d. vera til staðar að hjálpa börnum, sem koma óörugg inn í leikinn, að samlagast og taka þátt í leiknum.<br>Starfsfólk þarf að leiðbeina börnunum í frágangi og tiltekt að búleik loknum. |
| **Endurmat elstu barnanna í leikskólanum** | Að vori voru elstu börnin í leikskólanum spurð eftirfarandi spurninga um skólastarfið í Vinaminni:<br>Hvað er skemmtilegast að gera í leikskólanum?<br>Hvað er erfitt að gera í leikskólanum?<br>Hvað hefurðu lært í leikskólanum? | Elstu börn skólans sem eru að halda á vit ævintýra í grunnskóla. | **Hvað er skemmtilegt að gera í leikskólanum?**<br>Að leika við AE<br>Leika og lesa bók<br>Leika í hákarlaspilinu með KD<br>Fara í hjólaferð<br>Að vera í Vísdómsstund og sumarhátíðin er skemmtilegust<br>Við leikum okkur, förum út að leika, við kubbum, það er gaman í Vísdómsstund<br>Að leika með ljón<br>Að leika við TB<br>**Hvað er erfitt að gera í leikskólanum?**<br>Að taka dót úr kassa |

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| | Vantar eitthvað í leikskólanum sem þú mundir vilja hafa?<br>Var eitthvað leiðinlegt í leikskólanum? | | Opna hurðina, útidyrahurðina<br>Að lesa<br>Að reyna að lesa<br>Það er erfitt að búa til sandköku út af því hún fellur alltaf hjá mér<br>Það er erfitt að púsla, það er erfitt í fimleikunum<br>Það er erfitt að klifra í hest<br>Að teikna eitthvað<br>**Hvað hefurðu lært í leikskólanum?**<br>Æfa fimleika<br>Hafa þögn og leika og búa til eitthvað og sauma<br>Að skrifa mamma<br>Að vera í vísdómsstund<br>Ég er búin að læra að lita og hjóla og er að æfa mig að bremsa á hjólinu mínu<br>Ég er búinn að læra að sauma og æfa mig með söguna<br>Að borða alvör hænu<br>Að hafa hljóð og hlusta<br>**Vantar eitthvað í leikskólanum sem þú mundir vilja hafa?**<br>Ég veit það ekki<br>Nóg af öllu<br>Nei<br>Já bangsa, mér þykir mjög vænt um bangsa….strjúka þeim og klóra, mér finnst það þægilegt<br>Það er aðeins nóg af öllu<br>Fleiri stóru hjól<br>Sebrahest og tigrisdýr<br>**Var eitthvað leiðinlegt í leikskólanum?**<br>Þegar ég átti að vera inni<br>Nei<br>Mér finnst leiðinlegt að fara út. Nema þegar við förum út úr garðinu<br>Mér finnst gott að vera ekki í vesti og vera laus og enginn að stjórna mér<br>Allt skemmtilegt<br>Að mamma var að fara<br>Að púsla |

## Umbótaáætlun Töfrasteins

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerð til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Hreyfifærnismat og þjálfun grófhreyfinga** | Nota YAP hreyfiprógram og skimunarlista | Markvissari og skipulagðari hreyfistundir en áður. Að hvert barn fari að lágmarki einu sinni í viku í skipulagða hreyfistund inni eða úti. | Deildarstjóri.<br>Allt starfsfólk deildar vinnur saman að settum markmiðum | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Skráningar og reglulegt mat á hreyfistundum.<br>Skimanir, Yap. | Að starfsfólk sé duglegt að skipuleggja hreyfistund.<br>Að barnahópurinn öðlist aukið úthald og öryggi í hreyfistundum.<br>Að skimanir sýni þróun og framfarir í hreyfiþroska barna. |
| **Umgengni á deildinni:**<br>Að börnin læri að ganga vel um eigur sínar og eigur leikskólans.<br>Starfsmenn séu góðar fyrirmyndir í þessum efnum. | Fataklefi barnanna<br>Frágangur í borðstofu og frágangur skólastofu<br>Frágangur á dóti | Hér þarf að bæta í og kenna börnunum betur að ganga frá hlutunum fallega í fatklefanum<br>Það þarf einnig að fá foreldra betur með í lið og passa að börnin séu ekki með of mikið af útifötum í fataklefa.<br>Búa til lista yfir frágang í borðstofu og skólastofu þar sem börnin ásamt kennara fara yfir og merkja við þegar ákveðnum þáttum er lokið. Börnin og starfsmenn fái þá betri tilfinningu fyrir því hvenær er alveg búið að ganga frá<br>Að allir finni fyrir ábyrgð við að hafa leikskólann hreinan og snyrtilegan | Deildarstjóri, starfsmenn deildarinnar. | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Tékklistar til að fara yfir frágang í borðstofu og skólastofu.<br>Almennt mat á hreinlæti og frágang á deildarfundum með deildarstjóra, starfsfólki og leikskólastjóra.<br>Skráningar og deildarfundir | Að listar séu búnir til og útfylltir svo hægt sé að koma upp vinnuferli sem styður við frágang og góða umgengni barna og starfsfólks. |

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerð til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Matmálstímar, borðsiðir og sporna við matarsóun** | Börnin sitji fallega við matarborðið.<br>Þau skammti sér hæfilegt magn.<br>Þau séu snyrtileg og vandi sig við að hafa matinn á diskinum sínum.<br>Sporna við matarsóun | Mikilvægt er að stiðja við börnin í matartímanum og ef þau vilja ekki ákveðinn mat þá er það í lagi. Ef það virðist vandamál þarf að ræða við foreldra um málið og finna lausn. Mikilvægt að allir starfsmenn deildarinnar séu meðvitaðir um þannig mál og vinni samkvæmt ákvörðunum þar um.<br><br>Gerðir hafa verið listar yfir borðsiði sem lesa á fyrir börnin í byrjun máltíðar. Þar kemur m.a. fram að við ætlum að æfa okkur í að skammta okkur passlegt á diskana svo við getum klárað matinn okkar því við ætlum ekki að henda mat. Við ætlum að vera snyrtileg við matarborðið, sitja rétt og bíða meðan allir á borðinu eru að klára að borða. | Deildarstjóri og starfsmenn deildar | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Sjónrænt af starfsmönnum og börnum.<br>Erum við sátt við okkur eftir matartíman | Að börnin tileinki sér almenna borðsiði við matarborðið s.s. að sitja rétt á stólnum, nota hnífapörin og skammta sér hæfilegt magn af mat svo lítið af mat fari í ruslið eftir matartímann og halda matnum á diskinum. |

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerð til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Smiðjan og skapandi starf** | Hafa fjölbreytt verkefnaval í boði í smiðjunni og passa upp á að börnin vinni verkefnin sín sjálf. Vera með nokkur verkefni í boði í einu svo börnin hafa val | Að styrkja og efla vinnu barnanna og trú á eigin getu.<br>Sjá til þess að börnin fái að gera allt sjálf eins og að klippa, setja lím, velja lit o.þ.h. svo verkefnin verði verkefni barnanna<br>Útskýra fyrir starfsfólk að verkefnin eiga að vera verkefni barnanna og að skapandi starfið er þjálfun barnanna í að efla skapandi hugsun, sjálfsálit, lausnaleit og fínhreyfingar. | Deildastjóri og starfsmenn deildar | 5. ágúst 2025 | 30. júní 2026 | Umræður á deildarfundum<br>Skráningar | Að vinnan í smiðjunni sé fjölbreytt, skemmtileg og eftirsóknarverð og öll verkefni barnanna séu verkefni sem þau hafa sjálf unnið |
| **Félagsfærni** | Efla félags-, vináttu- og samskiptafærni barnanna | Styrkja vináttu innan barnahópsins, styðja við jákvæð og uppbyggileg samskipti milli barna. | Deildarstjóri.<br>Allt starfsfólk deildar vinnur saman að settum markmiðum. | 5. ágúst 2025 | 30. Júní 2026 | Skráningar.<br>Matslistar v. félagsfærni, greining á félagslegri stöðu barna (verkfærakista). | Að börnin hafi færni til að tjá tilfinningar sínar, líðan og væntingar. Sýni sjálfum sér og öðrum kurteisi, virðingu, umburðarlyndi og þolinmæði.<br>Að börnin sýni tillitssemi, séu vingjarnleg hvert við annað. |

# 8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Farið var af stað með starfsþróunarsamtölin síðastliðið skólaár og viðtalstímar ákveðnir en vegna mikilla veikinda starfsfólks strax á haustönn náðist aðeins að taka örfá samtöl. Starfsþróunarsamtöl eru til að efla starfsfólk í starfinu með börnunum, starfsfólk skoðar hvað er þeim erfitt í starfinu, í hvaða þáttum þeir vilja efla sig svo þeir verði ánægðari og færari einstaklingar til að takast á við daglegt líf í vinnunni. Starfsfólk setur sér markmið og vinnur að þeim í starfinu með börnunum.

Starfsmannasamtöl eru komin á dagatal næsta skólaárs og verður fram haldið.

Vorið 2024 kom Sigrún Alda Sigfúsdóttir talmeinafræðingur með fyrirlestur fyrir starfsfólk skólans um máltöku barna. Þetta var mjög gagnlegt námskeið og gaf starfsfólkinu góða innsýn í hvað börn eiga að vera komin með mörg orð miðað við aldur og hvernig börn læra tungumálið.

**Á skipulagsdegi í ágúst 2024 voru eftirtaldir fræðimenn með fyrirlestra og fræðslu fyrir starfsfólk.**

Ívar Elí Sveinsson læknir var með fræðslu fyrir starfsfólk um smitsjúkdóma barna og almenn veikindi. Hvenær eru börn veik og þarf að senda þau heim, hvenær er ástæða til að leita til læknis og hvað þurfa börn að vera lengi heima vegna veikinda. Þetta var mjög gagnleg fræðsla fyrir starfsfólk skólans því stundum verður fólk óöruggt með þessa hluti og gott að fá fræðslu læknis um málið.

Eyrún Ísfold Gísladóttir var með námskeð fyrir starfsfólk um *Lubbi finnur málbein*. Bókin um Lubba er mikið notuð í leikskólanum við málörvun barnanna og því var mjög ánægjulegt að fá Eyrúnu til að kynna starfsaðferðir verkefnisins fyrir öllu starfsfólki skólans.

Starfsfólk sat allt á kynningu Reykjavíkurborgar um farsæld barna 10-14. febrúar 2025.

**Á skipulagsdegi í mars 2025 voru eftirtaldir aðilar með fræðslu fyrir starfsfólk:**

Emilía Rafnsdóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi vegna málþroska og læsis, og Saga Stepensen, verkefnastjóri fjölmenningar í leikskólum, voru með fræðslu fyrir starfsfólk Vinaminnis um inngilding-fullgilding.

Andrea Björt Ólafsdóttir íþróttafræðingur var með fræðslu um hreyfifærni og þjálfun grófhreyfinga barna – YAP young athlet program.

Andrea Björt leiðbeindi einnig starfsfólki hvernig það getur notað íþróttadót skólans á auðveldan og árangursríkan hátt til að setja upp skemmtilegar þrautabrautir sem stuðla að færni í hreyfigetu barnanna á sem fjölbreyttastan hátt.

Eftir þessa góðu fræðslu sem starfsfólkið fékk hjá Andreu Björt eru næsu skref að hefja skemmtilega og uppbyggilega vinnu með hreyfifærni barnanna í skólanum. Liprar hreyfingar barna stuðla að því að þau njótai leiksins betur, geti hlaupið, hoppað og ærslast óhindrað sér til gagns og gamans en þannig verða lífsgæði þeirra meiri og betri. Á næsta skólaári verður byrjað á að skoða hreyfifærni barnanna sérstaklega og vinna með t.d. jafnvægi, styrk, liðleika, snerpu, úthald og viðbrögð svo eitthvað sé nefnt.

Hrönn Valentínusardóttir leikskólakennari kom og kynnti nýútgefna bók eftir sína *Þegar litla systir kom í heiminn*. Hrönn skrifaði bókina með það í huga að hægt væri að vinna með söguna og umræður úr henni til að hjálpa börnum með kvíða.

Svandís Hlín Karlsdóttir iðnaðarverkfræðingur hélt fyrirlestur og var með hópavinnu um mismunandi gerðir stjórnenda fyrir stjórnendur skólans þ.e. framkvæmdastjóra, leikskólastjóra og deildarstjóra.

Þátttakendum þótti þetta mjög spennandi og áhugavert efni og fóru í framhaldinu að skoða eigin vinnubrögð við stjórnun, samskipti og skipulagningu skólans. Þátttakendur þurftu að greina hvernig stjórnendur þeir eru, hvernig stjórnendur þeir vilja vera og hverju þeir þurfa að breyta til að stjórnun deilda og skólans sem heild verði sem best og skili sem bestum árangri fyrir nám, velferð og vellíðan barnanna, öryggi og vellíðan foreldra og samvinnu og vellíðan starfsmanna. Svandís Hlín mun vera með framhaldsnámskeið á nýju skólaári.

# 9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Elstu börn leikskólans þ.e. þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti fara í heimsókn í sex ára bekk að vori og eru þá um hálfan dag í einu í heimsókninni eða eftir því hvað hver grunnskóli skipuleggur. Ýmist fóru kennarar leikskólans með börnunum í þessar heimsóknir eða foreldrar tóku þær að sér. Fyrsta heimsókn barnanna í grunnskólana var kynning á skólunum og síðan fóru börnin nokkrum sinnum í heimsókn í sex ára bekk ýmist með kennurum eða foreldrum allt eftir því hverju grunnskólinn óskaði eftir og í hvaða grunnskóla börnin fara og hvar skólinn er staðsettur á höfuðborgarsvæðinu. Þetta voru skemmtilegar heimsóknir og börnin spennt og

ánægð og full tilhlökkunar að hefja nám í grunnskólum sínum. Börnin fara því öruggari út í hinn stóra heim grunnskólans næsta haust og tilbúin að takast á við lífið í grunnskólanum.

Í sumum grunnskólum er leikskólabörnunum sem eru að byrja boðið að koma og vera í frístundarstarfi grunnskólanna í ágústmánuði áður en þau byrja í grunnskólanum.

# 10 Foreldrasamvinna

Leikskólastjóri boðar alla nýja foreldra í viðtal áður en barnið byrjar í leikskólanum, eina foreldra í einu. Farið er yfir markmið leikskólans og áherslur í starfinu með börnunum. Foreldrar fylla út dvalarsamning og foreldrar og leikskólastjóri kynnast aðeins. Leikskólastjóri sýnir foreldrum leikskólann, kynnir þá fyrir deildarstjóra og starfsmönnum deildarinnar sem barnið byrjar á og foreldrar fá upplýsingar um hvenær barnið byrjar í skólanum, hvernig aðlögunin fer fram og annað sem foreldrar vilja vita. Barnið byrjar svo í leikskólanum og er fær þann tíma í aðlögun sem hvert og eitt barn þarf til að ná tökum á lífinu í leikskólanum sínum.

Deildarstjórar boða foreldra barna sem færast á þeirra deild eða foreldra barna sem byrja ný á deildinni í viðtal að hausti þegar barnið hefur náð að aðlagast vel. Þar fá þessir aðilar tækifæri til að ræða um barnið, foreldrar og deildarstjóri skiptast á upplýsingum. Þessi viðtöl eru nauðsynleg til að foreldrar og deildarstjóri kynnist og geti miðlað uppeldisaðferðum sínum og áherslum í uppeldi barna sem er mjög mikilvægt. Foreldrar geta fengið viðtal við deildarstjóra barns síns eða leikskólastjóra þegar þau vilja yfir skólaárið og foreldrar barna með sérþarfir fá reglulega teymisfundi yfir skólaárið með fagaðilum frá ÞB, deildarstjóra, stuðningsaðila og leikskólastjóra. Foreldraviðtöl eru einnig boðin öllum foreldrum skólans á vorönninni í febrúar-mars. Þá er farið vel yfir hvernig barnið stendur í alhliða þroska í skólanum. Deildarstjórar sýna foreldrum niðurstöður skimana og annarra skráninga og foreldrar koma sínum hugleiðingum á framfæri.

### Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir í september ár hvert þar sem vetrarstarf barnanna er kynnt. Foreldrar barna af einni deild í einu eru boðaðir á fund milli kl. 15:30:00-16:30 og er boðið upp á gæslu fyrir börnin í skólanum á meðan fundurinn stendur yfir. Það er gaman að segja

frá því að 80 til 90% foreldra mæta á fundina. Leikskólastjóri kynnti starfsáætlun fyrir skólaárið og deildarstjóri kynnti dagskipulagið og þær stundir sem börnin taka þátt í.

### Foreldramorgunverður á föstudögum

Nánast alla föstudaga er foreldrum boðið að borða morgunverð með barninu/börnunum sínum í leikskólanum. Þetta er gert til að efla foreldrasamstarf í skólanum og fá foreldra inn í skólann smá stund. Það er dásamlegt fyrir börnin þegar foreldrar gefa sér tíma til að staldra við í leikskólanum á föstudögum og eiga með börnunum notalega stund. Þetta er engin skylda heldur geta foreldrar komið þegar þeim hentar. Sumir foreldrar koma á hverjum föstudegi, aðrir koma tvisvar í mánuði, enn aðrir koma einu sinni í mánuði og sumir koma aldrei. Foreldrasamstarf styrkist með þessu og oftar en ekki eiga foreldrar notalega stund með barninu sínu og öðrum foreldrum. Það er líka gaman að börnin gera kröfur á foreldrana að koma og borða morgunverð með þeim í leikskólanum á föstudögum og oft geta foreldrar hagrætt vinnu sinni þennan morgun. Í boði er hafragrautur, nýtt brauð úr bakaríinu, alls kyns álegg, vatn, mjólk og kaffi.

### Foreldraráð

Foreldraráðsfundir eru haldnir reglulega yfir árið. Foreldraráð kynnir starf félagsins á foreldrafundum að hausti og þá eru fulltrúar kosnir úr hópi foreldra til að sitja í foreldraráðinu. Fulltrúar sem setið hafa í stjórn félagsins eru jafnvel sumir hverjir að hætta með börn sín í skólanum eða vilja draga sig út úr stjórninni. Á fyrsta fundi foreldraráðsins, sem er haldinn í október, eru nýir stjórnarmeðlimir boðnir velkomnir og farið er yfir störf félagsins síðastliðið ár. Rætt er um þátttöku foreldrafélagsins í jólaundirbúningi skólans t.d. að fá jólaleiksýningu í skólann fyrir börnin og sjá um veitingar á jólaballinu o.fl. Foreldraráð skiptir með sér verkum við undirbúninginn og ákveðið er hvenær á að hittast aftur til að útbúa veitingar á jólaballinu. Á vorönninni er aftur fundur foreldraráðsins þar sem foreldrar taka ákvörðun um vorferð barna og foreldra en að þessu sinni var farið í fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Foreldraráð fær leiksýningu fyrir börnin á sumarhátíðina ásamt hoppuköstulum. Síðastliðið ár og nú árið 2025 býður foreldraráð elstu börnum skólans að fara á sundnámskeið í júní hjá sundfélaginu Ægi sem mælist mjög vel fyrir hjá börnum og foreldrum. Tveir starfsmenn fylgja börnunum á námskeiðið og aðstoða þau í búningsklefunum fyrir og eftir sundæfingu. Foreldraráð heldur úti lokaðri facebooksíðu fyrir foreldra skólans en þar eru settar inn upplýsingar um störf félagsins og fundargerðir ásamt upplýsingum um viðburði í skólanum.

Foreldraráð býður öllu starfsfólki skólans ásamt foreldrum að sitja þriggja tíma skyndihjálparnámskeið annað hvert ár.

### Fræðsla fyrir foreldra

Sigrún Alda Sigfúsdóttir talmeinafræðingur hefur komið tvö síðastliðin ár og boðið foreldum upp á námskeið um máltöku barna. Þetta námskeið mæltist vel fyrir og var ákveðið að allir foreldrar barna sem eru að hefja nám í Vinaminni fái námskeið um máltöku barna í upphafi skólaárs. Einnig var ákveðið að foreldrum þriggja ára gamalla barna verði boðið námskeiðið annað hvert ár.

# 11 Leikskóladagatal

| ÁGÚST | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | | NÓVEMBER | | DESEMBER | | JANÚAR | | FEBRÚAR | | MARS | | APRÍL | | MAÍ | | JÚNÍ | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F | | 1 M | | 1 M | | 1 L | | 1 M | Fullveldisdagurinn | 1 F | Nýársdagur | 1 S | | 1 S | | 1 M | | 1 F | Verkalýðsdagurinn | 1 M | |
| 2 L | | 2 Þ | | 2 F | | 2 S | | 2 Þ | | 2 F | | 2 M | | 2 M | Foreldraviðtöl **Völusteinn** | 2 F | Skírdagur | 2 L | | 2 Þ | |
| 3 S | | 3 M | **Foreldrafundur Álfasteinn 14:30** | 3 F | Deildarstjórafundur | 3 M | | 3 M | | 3 L | | 3 Þ | | 3 Þ | Foreldraviðtöl **Álfasteinn** | 3 F | Föstudagurinn langi | 3 S | | 3 M | |
| 4 M | Frídagur verslunarmanna | 4 F | | 4 L | | 4 Þ | | 4 F | | 4 S | | 4 M | | 4 M | Foreldraviðtöl **Völusteinn** | 4 L | | 4 M | | 4 F | |
| 5 Þ | **Skipulagsdagur leikskólinn lokaður** | 5 F | Deildarstjórafundur | 5 S | | 5 M | | 5 F | Deildarstjórafundur | 5 M | | 5 F | | 5 F | Foreldraviðtöl **Álfasteinn** | 5 S | Páskadagur | 5 Þ | | 5 F | |
| 6 M | Fyrsti skóladagur | 6 L | | 6 M | | 6 F | | 6 L | | 6 Þ | Þrettándinn | 6 F | Deildarstjórafundur | 6 F | Deildarstjórafundur | 6 M | Annar í Páskum | 6 M | | 6 L | |
| 7 F | | 7 S | | 7 Þ | | 7 F | Deildarstjórafundur | 7 S | | 7 M | | 7 L | Dagur tónlistarskólans | 7 L | | 7 Þ | | 7 F | | 7 S | Sjómannadagurinn |
| 8 F | Deildarstjórafundur | 8 M | Dagur læsis | 8 M | | 8 L | | 8 M | | 8 F | | 8 S | | 8 S | | 8 M | | 8 F | | 8 M | |
| 9 L | | 9 Þ | **Skólasetning vísdómsbarna** | 9 F | | 9 S | | 9 Þ | | 9 F | Deildarstjórafundur | 9 M | Foreldraviðtöl **Töfrasteinn** | 9 M | **Skipulagsdagur leikskólinn lokaður** | 9 F | | 9 L | | 9 Þ | |
| 10 S | | 10 M | **Foreldrafræðsla nyrra barna 8:30** | 10 F | | 10 M | | 10 M | | 10 L | | 10 Þ | Foreldraviðtöl **Dvergasteinn** | 10 Þ | | 10 F | | 10 S | | 10 M | |
| 11 M | Aðlögun byrjar | 11 F | | 11 L | | 11 Þ | | 11 F | | 11 S | | 11 M | Foreldraviðtöl **Töfrasteinn** | 11 M | | 11 L | | 11 M | | 11 F | |
| 12 Þ | | 12 F | | 12 S | | 12 M | | 12 F | Töfrasteinn og Völusteinn | 12 M | | 12 F | Foreldraviðtöl **Dvergasteinn** | 12 F | | 12 S | | 12 Þ | | 12 F | |
| 13 M | | 13 L | | 13 M | | 13 F | | 13 L | | 13 Þ | | 13 F | Foreldraviðtöl **Töfrasteinn** | 13 F | | 13 M | | 13 M | | 13 L | |
| 14 F | **Foreldrafundur Töfrasteinn 15:30** | 14 S | | 14 Þ | | 14 F | | 14 S | | 14 M | | 14 L | | 14 L | Dagur stærðfræðinnar | 14 Þ | | 14 F | **Útskrift Visdómsbarna** | 14 S | |
| 15 F | | 15 M | | 15 M | | 15 L | | 15 M | | 15 F | | 15 S | | 15 S | | 15 M | | 15 F | | 15 M | |
| 16 L | | 16 Þ | Dagur íslenskrar náttúru | 16 F | | 16 S | Dagur íslenskrar tungu | 16 Þ | Álfasteinn | 16 F | | 16 M | Bolludagur | 16 M | | 16 F | | 16 L | | 16 Þ | |
| 17 S | | 17 M | | 17 F | Töfrasteinn og Völusteinn | 17 M | | 17 M | Dvergasteinn | 17 L | | 17 Þ | Sprengidagur | 17 Þ | | 17 F | | 17 S | | 17 M | Lýðveldisdagurinn |
| 18 M | | 18 F | | 18 L | | 18 Þ | | 18 F | | 18 S | | 18 M | **Öskudagur** | 18 M | | 18 L | | 18 M | | 18 F | |
| 19 Þ | **Foreldrafundur Völusteinn 15:30** | 19 F | Töfrasteinn og Völusteinn | 19 S | | 19 M | | 19 F | **Jólaball** | 19 M | | 19 F | | 19 F | | 19 S | | 19 Þ | | 19 F | |
| 20 M | | 20 L | | 20 M | | 20 F | | 20 L | | 20 Þ | | 20 F | Töfrasteinn og Dvergasteinn | 20 F | Töfrasteinn og Völusteinn | 20 M | | 20 M | | 20 L | |
| 21 F | **Foreldrafundur Dvergasteinn 15:30** | 21 S | | 21 Þ | Álfasteinn | 21 F | Töfrasteinn og Völusteinn | 21 S | | 21 M | | 21 L | | 21 L | | 21 Þ | | 21 F | | 21 S | |
| 22 F | Töfrasteinn og Völusteinn | 22 M | | 22 M | Dvergasteinn | 22 L | | 22 M | | 22 F | | 22 S | Konudagur - upphaf Góu | 22 S | | 22 M | | 22 F | | 22 M | |
| 23 L | | 23 Þ | Álfasteinn | 23 F | | 23 S | | 23 Þ | Þorláksmessa | 23 F | Bóndadagur Deildarfundur Töfra og Völu | 23 M | | 23 M | | 23 F | **Opið hús** | 23 L | | 23 Þ | |
| 24 S | | 24 M | Dvergasteinn | 24 F | | 24 M | | 24 M | Aðfangadagur jóla | 24 L | | 24 Þ | Álfasteinn | 24 Þ | Álfasteinn | 24 F | | 24 S | Hvítasunnudagur | 24 M | **Sumarhátíð** |
| 25 M | Starfsþróunarsamtöl þessa viku | 25 F | | 25 L | Fyrsti vetrardagur | 25 Þ | Álfasteinn | 25 F | Jóladagur | 25 S | | 25 M | Dvergasteinn | 25 M | Dvergasteinn | 25 L | | 25 M | Annar í Hvítasunnu | 25 F | |
| 26 Þ | Álfasteinn | 26 F | | 26 S | | 26 M | Dvergasteinn | 26 F | Annar í jólum | 26 M | | 26 F | | 26 F | | 26 S | | 26 Þ | | 26 F | |
| 27 M | Dvergasteinn | 27 L | | 27 M | | 27 F | | 27 L | | 27 Þ | Álfasteinn | 27 F | | 27 F | | 27 M | **Sumarskipulag byrjar** | 27 M | | 27 L | |
| 28 F | | 28 S | | 28 Þ | | 28 F | | 28 S | | 28 M | Dvergasteinn | 28 L | | 28 L | | 28 Þ | **Hópastarfsslit** | 28 F | | 28 S | |
| 29 F | | 29 M | | 29 M | | 29 L | | 29 M | | 29 F | | | | 29 S | Pálmasunnudagur | 29 M | Endurmat og umbótaáætlun | 29 F | | 29 M | |
| 30 L | | 30 Þ | | 30 F | | 30 S | | 30 Þ | | 30 F | | | | 30 M | | 30 F | Endurmat og umbótaáætlun | 30 L | | 30 Þ | **Síðasti dagur fyrir sumarfrí** |
| 31 S | | | | 31 F | **Hrekkjavaka** | | | 31 M | Gamlársdagur | 31 L | | | | 31 Þ | | | | 31 S | | | |

## Skóladagatal og skipulagsdagar

Skipulagsdagar þar sem leikskólanum er lokað eru tveir á ári, annar skipulagsdagurinn er í beinu framhaldi af sumarfríi barna og starfsmanna og hinn skipulagsdagurinn er á vorönn í mars. Aðrir skipulagsdagar er haldnir utan hefðbundins vinnutíma.

Á skipulagsdegi að hausti er farið yfir starfsáætlun skólaársins og starfsmenn ræða um þá þætti í starfinu sem leggja á áherslu á til umbóta yfir skólaárið. Farið er yfir markmið skólans og þau rædd. Fenginn er fyrirlesari með fræðslu fyrir starfsfólkið. Starfsmenn hrista sig saman eftir gott sumarfrí og gera deildir tilbúnar fyrir komu barnanna í skólann. Aðlögun nýrra barna er að fara af stað og það þarf að undirbúa komu þeirra af kostgæfni.

Á öðrum skipulagsdögum, sem eru haldnir á kvöldin utan hefðbundins vinnutíma, eru fengnir fyrirlesarar, haldin námskeið, ráðstefnur, deildarfundir og fagfundir. Starfsmannafundir eru einnig á þessum tíma.

Námskeið sem eru haldin eru t.d. námskeið í slysavörnum barna annað hvert ár, og ýmis námskeið sem tengjast starfinu með börnunum.

Deildarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði, starfsmannafundir einu sinni á önn og deildarstjórafundir einu sinni í mánuði eða oftar. Að sjálfsögðu er alltaf hægt að hafa fundi auk þessara föstu funda eins oft og nauðsyn krefur.

# 12 Fylgiskjöl

1. Galdrakoffort: skýring og niðurstöður
2. Foreldrakönnun

### Fylgiskjal nr. 1 – Galdrakoffort, skýringar og niðurstöður

## Galdrakoffort

Fyrir tveimur árum fórum við af stað með verkefni sem við köllum *Galdrakoffort*.

- *Galdrakoffort* er bókasafn sem er inni á öllum deildum leikskólans og heldur hver deildastjóri utan um *Galdrakoffort* sinnar deildar.
- Í *Galdrakoffortunum* eru vel valdar bækur á góðri íslensku sem henta aldri barnanna á deildinni.
- Bæði eru bækur á bundnu og óbundnu máli. En bundið mál skiptir miklu máli fyrir börnin svo þau heyri og læri rím, hrynjanda og áherslur.
- Í lok hvers leikskóladags geta börnin valið eina bók til að fá lánaða með heim. Foreldri eða sá sem sækir barnið og fær bókina lánaða skráir í stílabók, sem er geymd í koffortinu, dagsetningu, nafn bókarinnar og nafn barnsins. Bókinni er svo skilað aftur í galdrakoffortið næsta morgun þegar barnið kemur í skólann og þá þarf að strika yfir lánsskráninguna. Síðan er nafn bókarinnar og barnsins skrifað á lítið spjald sem er sett í bókaorm deildarinnar.
  Bókaormarnir eru fljótir að lengjast og börnin áköf að setja sitt spjald í bókaorminn svo hann verði lengri og lengri.
  *Galdrakoffortin* eru uppfærð á 6-8 vikna fresti og er þá bókunum skipt út og aðrar settar í staðinn.
- Bækurnar í *Galdrakoffortinu* eru líka notaðar í lestrastundum á deildunum þannig að börnin fá að heyra sömu söguna bæði í leikskólanum og heima. Þannig heyra börnin söguna á margan hátt og læra ný og ný orð úr sögunum eftir því sem þau heyra söguna oftar og eftir því hver les söguna.

**Lán bóka til barna og foreldra úr Galdrakoffortum Töfrasteins veturinn 2024 – 2025**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 16. september – 1. nóvember | B: 105 + S: 76 | 181 bækur | B = borðstofa, S = skólastofa |
| 22. nóvember – 31. janúar | B: 178 + S: 79 | 257 bækur | |
| 3. febrúar – 29. apríl | B: 160 + S: 47 | 207 bækur | |
| **Töfrasteinn alls 16. september – 29. apríl** | | **645 bækur** | |

**Meðalfjöldi á barn: 22,24 bækur**

**Lán bóka til barna og foreldra úr Galdrakofforti Völusteins veturinn 2024 – 2025**

| | |
|---|---|
| 16. september – 1. Nóvember | 178 bækur |
| 11. nóvember – 10. janúar | 227 bækur |
| 20. janúar – 28. febrúar | 183 bækur |
| 10. mars – 29. apríl | 29 bækur |
| **Völusteinn alls 16. september – 1. maí** | **717 bækur** |

**Meðalfjöldi á barn: 14 bækur**

**Lán bóka til barna og foreldra úr Galdrakoffortum Dverga- og Álfasteins veturinn 2024 – 2025**

**Dvergasteinn**

9. október – 29. apríl 112 bækur

**Meðalfjöldi á barn: 6,22 bækur**

**Álfasteinn**

27. september – 29. apríl 173 bækur

**Meðalfjöldi á barn: 10,8 bækur**

Heildarfjöldi bóka sem börn hafa fengið að láni úr Galdrakoffortum leikskólans veturinn 2024-2025: 1647

Meðalfjöldi bóka á barn september til loka apríl: 19

## Fylgiskjal nr. 2 – Foreldrakönnun

Foreldrakönnun fylgir með í viðhengi.

## Fylgiskjal nr. 3 – Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs fylgir með í viðhengi.

# Niðurstöður foreldrakönnunar leikskóla

2025



Reykjavík

**Framkvæmd:**
Annað hvert ár leggur Skóla- og frístundasvið fyrir kannanir á viðhorfum foreldra barna í leikskólum. Í ár var könnunin lögð fyrir í mars og apríl mánuði. Vísar rannsóknir ehf. sá um fyrirlögnina en úrvinnslan er í höndum skóla- og frístundasviðs.

**Þátttakendur:**
Könnunin var send til foreldra og forráðamanna 5.206 barna í leikskólum í Reykjavík, borgarreknum og sjálfstætt starfandi. Aðeins ein könnnun var send á hvert heimili.  Alls svöruðu 4.392 könnunnni og heildarsvarhlutfall því 84%.

**Niðurstöður:**
Niðurstöður flestra spurninga eru birtar sem hlutfallsleg dreifing svara en jafnframt eru gefið meðaltal yfir þær spurningar sem eru á 5 punkta svarkvarða. Kvarðinn fer frá 1 upp í 5 þar sem hærri tala er ávallt ákjósanlegri. Í heildartöflum með hlutfallskiptingum er talað um hlutfall jákvæðra sem hlutfall þeirra sem völdu 4 eða 5 o.s.frv.

**Bakgrunnsbreytur:**
Til að tryggja að engin leið sé að rekja svör til einstaka þátttakenda þá birtast niðurstöður spurninga ekki eftir bakgrunnsbreytum ef 5 eða færri eru í hópi.

**Breyting frá fyrra ári:**
Spurningum í könnuninni var breytt úr fullyrðingum þar sem foreldrar áttu að svara hvort þau væru sammála eða ósammála í beinar spurningar. Því eru svör milli ára ekki alveg sambærileg þótt þau séu sett þannig fram.

# Svarhlutfall og bakgrunnur barnanna

**Leikskóli**

Vinaminni

**43**

Fjöldi svara

**47**

Fjöldi í úrtaki

**91,5%**

Svarhlutfall reiknað

## Fjöldi svara eftir kyni






## Fjöldi svara eftir tungumálaumhverfi




## Fjöldi eftir fæðingarári



# Líðan og öryggi barns

Leikskóli

Vinaminni

## Hvernig líður barninu á leikskólanum




## Hversu öruggt eða óruggt upplifir þú að barnið sé í leikskólanum?




## Hversu vel eða illa þekkir starfsfólk leikskólans þarfir barns þíns?




## Hversu vel eða illa styður starfsfólk leikskólans barnið í leikskólastarfinu?



# Upplifun af leikskólastarfinu I

**Leikskóli**

Vinaminni

## Hversu áhugaverð eða óáhugaverð finnst þér viðfangsefni leikskólastarfsins?




## Hversu góðan/greiðan eða lítinn aðgang hefur barnið að skapandi efnivið til að vinna verkefni í leikskólanum?




## Hversu ánægt eða óánægt ertu sem foreldri með aðbúnað í leikskólanum?




## Hversu sammála eða ósammála ertu því að barnið þitt hafi fengið tækifæri í leikskólastarfinu til að skapa verk/verkefni í anda þess sem lýst er í Menntastefnu Reykjavíkur.



# Upplifun af leikskólastarfinu II

**Leikskóli**

Vinaminni

### Að hve miklu eða litlu leyti upplifir þú að starfsfólk leikskólans vinni að því að efla frumkvæði barna og sjálfsprottinn leik?*




### Að hversu miklu eða litlu leyti upplifir þú að unnið sé að því að efla félagsþroska barns þíns?*




### Hversu sammála eða ósammála ertu því að Í leikskólanum séu notaðar fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að meta þroska og framfarir barnanna?






# Foreldrasamstarf

Leikskóli
Vinaminni

## Hefur þú tekið þátt í að meta framfarir barnsins, t.d. rædd þroska og framfarir í þroska barnsins í foreldraviðtölum




## Hvetur leikskólinn foreldra of lítið, hæfilega eða of mikið til þátttöku í leikskólastarfinu?




## Að hversu miklu eða litlu leyti upplifir þú að þú getir fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið þitt (í leikskólanum)






# Samskipti og viðmót

**Leikskóli**

Vinaminni

## Hversu ánægt eða óánægt ertu sem foreldri með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið?






## Hversu ánægt eða óánægt ertu sem foreldri með viðmót starfsfólks í samskiptum við þig?




## Hversu vel eða illa finnst þér leikskólinn taka við hugmyndum og ábendingum frá foreldrum?



# Upplýsingagjöf

**Leikskóli**

Vinaminni

## Er upplýsingagjöf varðandi hvað er á döfinni í leikskólanum of lítil, hæfileg eða of mikil?




## Upplifir þú að þú fáir greinagóð svör við spurningum þínum um leikskólastarfið ?




| Hvað myndir þú helst vilja fá meiri upplýsingar um? |
|---|
| Dagatal fyrir skólaárið og matseðla fyrir vikuna vantar stundum |
| Dagsetningar á Vorhátíð, sveitaferð, leikskólalokun í sumar. Þær upplýsingar eru ekki komnar á vefinn eða í tölvupósti. Vantar upplýsingar um hvað er gert í Vísdómsstundum, mjög lítið skrifað í vikupostinum um það. |
| Hvað börnin séu að gera á daginn almennt. Er alltaf bara dúkkuleikur eða er verið að efla færni með föndri td. |
| Just daily stuff, it would be great to get a weekly picture even though I understand that is also difficult with privacy |
| Væri til að vita meira hvað þau eru að gera og hvernig mínu barni gengur |
| Það sem gerist á daginn |

# Viðbótar stuðningur í leikskólanum

## t.d. vegna málþroska, samskiptavanda eða hegðunarörðugleika

**Leikskóli**

Vinaminni

### Fjöldi sem hefur fengið einhver sérrúræði og/eða sértaka aðstoð




### Þjónustan var gagnleg.




### Heildstætt var tekið á málum barnsins míns




### Tekið var tímanlega/innan ásættanlegs tíma á málum barnsins míns.



# Stjórnun og starfsandi

**Leikskóli**

Vinaminni

## Hversu vel eða illa finnst þér leikskólanum stjórnað?




## Að hve miklu eða litlu leyti upplifir þú að stjórnendur séu til staðar og aðgengilegir í daglegu starfi leikskólans?




## Hversu jákvæðan eða neikvæðan upplifir þú starfsandann á leikskólanum?




## Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Það ríkir notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft á leikskólanum?



# Stefnan og heildaránægja

**Leikskóli**

Vinaminni

## Þekkir þú til stefnu leikskólans og áherslum hans í leikskólastarfinu?




## Að hversu miklu eða litlu leyti upplifir þú að markvisst sé unnið með stefnu og áherslur leikskólans?




## Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Ég get mælt með leikskólanum við aðra foreldra




## Þegar á heildina er litið hversu ánægt eða óánægt ert þú sem foreldri með leikskóla barnsins?



# Hæstu og lægstu 5 meðalskor

**Leikskóli**

Vinaminni

## Fimm hæstu meðalskor leikskólans 2025 í samanburði við Reykjavík




## Fimm lægstu meðalskor leikskólans 2025 í samanburði við Reykjavík




Barninu líður vel

100,0%

2023: **93,8%**

Barninu er öruggt

100,0%

2023: **89,1%**

Styður þarfir barns

100,0%

2023: **92,2%**

Notalegt andrúmsloft

97,5%

2023: **90,6%**

Skólanum vel stjórnað

100,0%

2023: **87,1%**

Ánægja með skólann

100,0%

2023: **87,5%**

Hlutfall sem segist hafa fengið viðbótar stuðning

17,9%

# Meðalskor 2025 og breyting frá 2023

Leikskóli: Vinaminni

Athugið að spurningum var breytt úr fullyðringum í spurningar 2025



# Meðalskor spurninga - tafla I

**Leikskóli**

Vinaminni

| | Meðaltal | Meðaltal 2023 | Meðaltal stelpur | Meðaltal strákar | Meðaltal Reykjavík |
|---|---|---|---|---|---|
| **Líðan og öryggi barns** | | | | | |
| Hvernig líður barninu á leikskólanum | 4,77 | 4,50 | 4,82 | 4,73 | 4,58 |
| Hversu öruggt eða óruggt upplifir þú að barnið sé í leikskólanum? | 4,70 | 4,47 | 4,59 | 4,77 | 4,58 |
| Hversu vel eða illa þekkir starfsfólk leikskólans þarfir barns þíns? | 4,50 | 4,38 | 4,38 | 4,58 | 4,36 |
| Hversu vel eða illa styður starfsfólk leikskólans barnið í leikskólastarfinu? | 4,71 | 4,44 | 4,69 | 4,73 | 4,52 |
| **Upplifun af leikskólastarfinu** | | | | | |
| Að hversu miklu eða litlu leyti upplifir þú að unnið sé að því að efla félagsþroska barns þíns?* | 4,67 | | 4,44 | 4,81 | 4,37 |
| Hversu sammála eða ósammála ertu því að Í leikskólanum séu notaðar fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að meta þroska og framfarir barnanna? | 4,49 | | 4,33 | 4,58 | 4,24 |
| Hversu áhugaverð eða óáhugaverð finnst þér viðfangsefni leikskólastarfsins? | 4,60 | 4,42 | 4,50 | 4,65 | 4,32 |
| Hversu góðan/greiðan eða lítinn aðgang hefur barnið að skapandi efnivið til að vinna verkefni í leikskólanum? | 4,45 | 4,53 | 4,47 | 4,43 | 4,37 |
| Hversu ánægt eða óánægt ertu sem foreldri með aðbúnað í leikskólanum? | 4,25 | 4,08 | 4,27 | 4,24 | 4,16 |
| Hversu sammála eða ósammála ertu því að barnið þitt hafi fengið tækifæri í leikskólastarfinu til að skapa verk/verkefni í anda þess sem lýst er í Menntastefnu Reykjavíkur. | 4,50 | 4,15 | 4,40 | 4,57 | 4,30 |
| Að hve miklu eða litlu leyti upplifir þú að starfsfólk leikskólans vinni að því að efla frumkvæði barna og sjálfsprottinn leik?* | 4,46 | | 4,38 | 4,52 | 4,39 |
| **Foreldrasamstarf** | | | | | |
| Að hversu miklu eða litlu leyti upplifir þú að þú getir fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið þitt (í leikskólanum) | 4,21 | 3,92 | 4,45 | 4,09 | 4,07 |

# Meðalskor spurninga - tafla II

Leikskóli
Vinaminni

| | Meðaltal | Meðaltal 2023 | Meðaltal stelpur | Meðaltal strákar | Meðaltal Reykjavík |
|---|---|---|---|---|---|
| **Samskipti og viðmót** | | | | | |
| Hversu ánægt eða óánægt ertu sem foreldri með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið? | 4,64 | 4,45 | 4,50 | 4,73 | 4,58 |
| Hversu ánægt eða óánægt ertu sem foreldri með viðmót starfsfólks í samskiptum við þig? | 4,69 | | 4,63 | 4,73 | 4,50 |
| Hversu vel eða illa finnst þér leikskólinn taka við hugmyndum og ábendingum frá foreldrum? | 4,46 | 3,97 | 4,43 | 4,48 | 4,37 |
| **Stuðningur** | | | | | |
| Þjónustan var gagnleg. | - | 4,64 | - | - | 4,55 |
| Tekið var tímanlega/innan ásættanlegs tíma á málum barnsins míns. | - | 4,25 | - | - | 4,41 |
| Heildstætt var tekið á málum barnsins míns | - | 4,50 | - | - | 4,53 |
| **Stjórnun og starfsandi** | | | | | |
| Hversu vel eða illa finnst þér leikskólanum stjórnað? | 4,75 | 4,37 | 4,73 | 4,76 | 4,33 |
| Að hve miklu eða litlu leyti upplifir þú að stjórnendur séu til staðar og aðgengilegir í daglegu starfi leikskólans? | 4,68 | 4,59 | 4,67 | 4,68 | 4,27 |
| Hversu jákvæðan eða neikvæðan upplifir þú starfsandann á leikskólanum? | 4,58 | 4,32 | 4,47 | 4,64 | 4,32 |
| Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Það ríkir notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft á leikskólanum? | 4,75 | 4,55 | 4,67 | 4,80 | 4,54 |
| **Stefna og heildaránægja** | | | | | |
| Að hversu miklu eða litlu leyti upplifir þú að markvisst sé unnið með stefnu og áherslur leikskólans? | 4,49 | 4,12 | 4,43 | 4,52 | 4,12 |
| Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Ég get mælt með leikskólanum við aðra foreldra | 4,83 | 4,50 | 4,73 | 4,88 | 4,49 |
| Þegar á heildina er litið hversu ánægt eða óánægt ert þú sem foreldri með leikskóla barnsins? | 4,80 | 4,39 | 4,73 | 4,84 | 4,51 |

# Opin svör - viltu koma einhveru öðru á framfæri

**Leikskóli**

Vinaminni

## Að lokum er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri? Er til dæmis eitthvað sem er vel gert og þú vilt að haldið sé áfram að gera eða er eitthvað sem betur má fara?

Barnið átti erfitt fyrst og stundum ennþá að skilja við mömmu á morgnana. Hins vegar hefur starfsfólk gert þetta allt auðveldara. Að sjá hana tilbúna að fara í fangið á starfsfólki skólans og tilbuna til að kveðja mömmu á morgnana er gott. Kennararnir hafa áhuga á að ýta undir þroska barnanna og tilbúin að taka þátt í þeim með forwæsrum með hvetjandi hætti s.s. með að afvenja bleyjur. Starfsfólkið er bæði vinalegt og hlýlegt sem gefur manni sem foreldra góða tilfinningu að snúa til vinnu eftir að hafa skilið barnið eftir í öruggum höndum.

Er bara mjög ánægð með Vinaminni. Er líka með börn fædd 2015 og 2018 sem voru þar og ekkert breyst síðan þá. Vinaminni voru fljótt að sækja um talþjálfun fyrir 2018 og 2022 börnin mín. Sá sem er 2018 er ennþá í talþjálfun

Fleirri myndir af barninu

Frábær leikskóli sem barninu líður vel á

Gott væri að fá frekari upplýsingar um hvað sé gert þegar deildarstjóri sé í leyfi. Þá fór allt starf á pásu, þau voru að læra litina en það hætti, það var skipulagður leikur sem hætti ofl. Enginn sem steig þannig inn í. Talað var um koppaþjálfun á fyrsta fundi annarinnar en nú er talað um að það sé á næstu deild. Vont þegar starfsmenn eru ekki mættir kl 8 til að taka við börnum sem vilja ekki vera skilin eftir á annari deild. Mætti fylgjast betur með yngstu krílunum úti, þau eru ekki öll jafn stálpuð. Annars mjög gott starf sem unnið er á Vinaminni.

Just a very good kindergarden, our child is happy and looks forward to go. He comes home with fun art projects and the staff is always involved and up to date how his day has gone. The only thing that could be improved is the outside facilities. Its fairly small and very much a concrete jungle. I know they take the kids out in the neighbourhood but thats not the same.

Leikskólinn Vinaminni er frábær og viðmót starfsfólks mjög gott! Foreldramorgunmatur a föstudögum er orðinn ómissandi þáttur af vikunni og ég vona að það haldi áfram.

Mér finnst orðspor leikskólans ekki nógu gott eftir að það kom frétt í DV um arðgreiðslur leikskólastjórnanda og að leikskólagjöld séu ólöglega háar

Mjög ánægð með allt starf í Vinaminni ❤️

Mjög ánægð með leikskólann, tek eftir því hvað starfsfólkið er vinalegt líka þau sem eru ekki á deildinni hjá barninu mínu. Alltaf gott að mæta í Vinaminni

Okkur foreldrum barnsins finnst Vinaminni virkilega flottur leikskóli og er starfsfólkið mjög vingjarnlegt og eru þau ávallt tilbúin að koma á móts við mann ef það er eitthvað. Upplýsingargjöfin er góð og við erum rosalega ánægð með skólann og munum klárlega mæla með honum við aðra.

Við erum einstaklega ánægð með Vinaminni. Ánægjan og væntumþykja í garð barnanna eru ríkjandi á leikskólanum. Öll börn fá krefjandi verkefni til efla alls konar þroska þeirra. Frábær leikskóli í alla staði!

We love everything about Vinaminni, always a very open and welcome atmosphere and the parents breakfasts are especially appreciated :)

Það mætti senda foreldrum eitthvað námsdagatal og væri til í að vita meira um mitt barn og hvernig gengur, finnst erfitt að fá upplýsingar

Þetta er þriðji leikskólinn sem barnið mitt fer á og hér hefur hann blómstrað félagslega og líður mjög vel. Það var unnið markvisst með skilning og málþroska. Upplýsingaflæði er til fyrirmyndar og starfsfólk allt svo almennilegt.

# Hlutfallskipting svara - tafla I

Leikskóli: Vinaminni

| | Hlutfall jákvæðra | Hlutfall hvorki né | Hlutfall neikvæðra | Hlutfall jákvæðra Reykjavík | Hlutfall jákvæðra stelpur | Hlutfall jákvæðra strákar | Hlutfall jákvæðra 2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Líðan og öryggi barns** | | | | | | | |
| Hvernig líður barninu á leikskólanum | 100,0% | 3,0% | | 96,3% | 100,0% | 100,0% | 93,8% |
| Hversu öruggt eða óruggt upplifir þú að barnið sé í leikskólanum? | 100,0% | 3,6% | | 95,9% | 100,0% | 100,0% | 89,1% |
| Hversu vel eða illa þekkir starfsfólk leikskólans þarfir barns þíns? | 95,2% | 4,2% | | 92,2% | 93,8% | 96,2% | 92,2% |
| Hversu vel eða illa styður starfsfólk leikskólans barnið í leikskólastarfinu? | 100,0% | 1,9% | | 94,4% | 100,0% | 100,0% | 92,2% |
| **Upplifun af leikskólastarfinu** | | | | | | | |
| Að hversu miklu eða litlu leyti upplifir þú að unnið sé að því að efla félagsþroska barns þíns?* | 97,6% | 2,4% | | 89,2% | 93,8% | 100,0% | - |
| Hversu sammála eða ósammála ertu því að Í leikskólanum séu notaðar fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að meta þroska og framfarir barnanna? | 97,4% | 2,6% | | 84,3% | 93,3% | 100,0% | - |
| Hversu áhugaverð eða óáhugaverð finnst þér viðfangsefni leikskólastarfsins? | 100,0% | 2,5% | | 87,4% | 100,0% | 100,0% | 93,5% |
| Hversu góðan/greiðan eða lítinn aðgang hefur barnið að skapandi efnivið til að vinna verkefni í leikskólanum? | 94,7% | 5,9% | | 89,7% | 100,0% | 91,3% | 91,9% |
| Hversu ánægt eða óánægt ertu sem foreldri með aðbúnað í leikskólanum? | 87,5% | 9,8% | | 84,0% | 93,3% | 84,0% | 79,7% |
| Hversu sammála eða ósammála ertu því að barnið þitt hafi fengið tækifæri í leikskólastarfinu til að skapa verk/verkefni í anda þess sem lýst er í Menntastefnu Reykjavíkur. | 92,1% | 11,1% | | 86,0% | 93,3% | 91,3% | 75,0% |
| Að hve miklu eða litlu leyti upplifir þú að starfsfólk leikskólans vinni að því að efla frumkvæði barna og sjálfsprottinn leik?* | 92,7% | 7,3% | | 89,1% | 93,8% | 92,0% | - |
| **Foreldrasamstarf** | | | | | | | |
| Að hversu miklu eða litlu leyti upplifir þú að þú getir fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið þitt (í leikskólanum) | 87,9% | 15,8% | | 78,0% | 100,0% | 81,8% | 67,7% |

# Hlutfallskipting svara - tafla II

**Leikskóli**
Vinaminni

| | Hlutfall jákvæðra | Hlutfall hvorki né | Hlutfall neikvæðra | Hlutfall jákvæðra Reykjavík | Hlutfall jákvæðra stelpur | Hlutfall jákvæðra strákar | Hlutfall jákvæðra 2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stjórnun og starfsandi** | | | | | | | |
| Að hve miklu eða litlu leyti upplifir þú að stjórnendur séu til staðar og aðgengilegir í daglegu starfi leikskólans? | 97,5% | 1,9% | | 83,9% | 100,0% | 96,0% | 95,2% |
| Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Það ríkir notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft á leikskólanum? | 97,5% | 3,1% | | 93,2% | 93,3% | 100,0% | 90,6% |
| Hversu vel eða illa finnst þér leikskólanum stjórnað? | 100,0% | 4,4% | | 85,7% | 100,0% | 100,0% | 87,1% |
| Hversu jákvæðan eða neikvæðan upplifir þú starfsandann á leikskólanum? | 100,0% | 5,1% | | 87,5% | 100,0% | 100,0% | 87,1% |
| **Samskipti og viðmót** | | | | | | | |
| Hversu ánægt eða óánægt ertu sem foreldri með viðmót starfsfólks í samskiptum við þig? | 100,0% | | | 91,3% | 100,0% | 100,0% | - |
| Hversu ánægt eða óánægt ertu sem foreldri með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið? | 95,2% | 4,3% | | 93,9% | 87,5% | 100,0% | 92,2% |
| Hversu vel eða illa finnst þér leikskólinn taka við hugmyndum og ábendingum frá foreldrum? | 91,9% | 15,6% | | 86,1% | 92,9% | 91,3% | 69,4% |
| **Stefna og heildaránægja** | | | | | | | |
| Þegar á heildina er litið hversu ánægt eða óánægt ert þú sem foreldri með leikskóla barnsins? | 100,0% | 4,3% | | 90,4% | 100,0% | 100,0% | 87,5% |
| Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Ég get mælt með leikskólanum við aðra foreldra | 100,0% | 6,8% | | 89,0% | 100,0% | 100,0% | 85,9% |
| Að hversu miklu eða litlu leyti upplifir þú að markvisst sé unnið með stefnu og áherslur leikskólans? | 97,3% | 5,6% | | 84,0% | 92,9% | 100,0% | 82,5% |

**Fylgiskjal**

# Starfsáætlun 2025 – 2026
# Leikskólinn Vinaminni

## Umsögn foreldraráðs

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Alexandra Axelsdóttir**
**Ásthildur Guðmundsdóttir**
**Carmen Maja Valencia**
**Rannveig Stefánsdóttir, formaður**

# Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

**Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?**

Já

**Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?**

Já

**Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?**

Já mjög svo.

**Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?**

Foreldraráðið telur að megi bæta við eftirfarandi atriðum við starfsáætlun.
Upplýsingagjöf til heimila barnanna á leikskólanum er regluleg og góð. Auðvelt er fyrir foreldra að nálgast deildarstjóra og stjórnendur með spurningar og ábendingar og foreldrar eru ítrekað hvattir til að ræða málin ef eitthvað má betur fara í starfi leikskólans. Starfsfólk leikskólans er opið og gott og allir bjóða góðan daginn. Foreldrar upplifa andrúmsloft í skólanum sem jákvætt og gott. Þá vil foreldrafélagið nefna að fjölmargir hjóladagar eru fyrir börn á öllum deildum á vorin og sumrin, sem eflir hreyfigetu barnanna og býr til enn fleiri gæðastundir fyrir börnin með vinum sínum á leikskólanum.

**Fulltrúar í foreldraráði:**

**Rannveig Stefánsdóttir,**

**Alexandra Axelsdóttir**

**Ásthildur Guðmundsdóttir**

**Carmen Maja Valencia**

**Undirskrift fulltrúa í foreldraráði**

# Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

**Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

**Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.